# Ársskýrsla um Fjörubreytingar í Víkur-Fagradals- og Höfðafjöru

ÁGÚST 2024 - ÁGÚST 2025

Jóhannes Marteinn Jóhannesson

Skýrsla unnin fyrir Mýrdalshrepp og LavaConcept Iceland ehf.

# Efnisyfirlit

Töflur ..... 1
Gröf ..... 2
Myndir ..... 2
1. Rannsóknaráætlun ..... 6
2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta ..... 8
3. Niðurstöður mælinga ágúst 2024 – ágúst 2025 ..... 11
3.1. Viðmið um rof í fjörunum ..... 11
3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs ..... 13
3.2.1. Snið 1 ..... 17
3.2.2. Snið 2 ..... 19
3.2.3. Snið 3 ..... 21
3.2.4. Snið 4 ..... 23
3.2.5. Snið 5 ..... 25
3.2.6. Snið 6 ..... 27
3.2.7. Snið 7 ..... 29
3.2.8. Snið 8 ..... 31
3.2.9. Snið 9 ..... 33
3.2.10. Snið 10 ..... 35
3.2.11. Snið 11 ..... 37
3.3. Breytingar á fjörukambi ..... 39
4. Viðaukar ..... 46
4.1. Viðauki 1 – GPS upplýsingar og kort ..... 46
4.2. Viðauki 2 – RMAP útreikningar á rúmmáli sniða ..... 47
4.3. Þróun fjörunnar frá ágúst 2021 til ágúst 2025 ..... 51
4.4. Aukaskýrsla um landbrot í lok ágúst 2025. ..... 56

# Töflur

Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2024 – ágúst 2025. ..... 12
Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða. ..... 12
Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m (R). Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli. ..... 13
Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu. ..... 18

Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu. 20
Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu. 22
Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu. 24
Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu. 26
Tafla 10 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 6 á tímabilinu. 28
Tafla 11 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 7 á tímabilinu. 30
Tafla 12 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 8 á tímabilinu. 32
Tafla 13 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 9 á tímabilinu. 34
Tafla 14 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 10 á tímabilinu. 36
Tafla 15 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 11 á tímabilinu. 38
Tafla 16 sýnir samanlagt landbrot við hvert snið. 39
Tafla 17 sýnir heildarflatarmál landbrots eða viðbótar á milli hvers sniðs. 40
Tafla 18 sýnir landbrot sem hefur orðið á a-sniðunum og sniði 2 í febrúar, mars, og síðan nú í lok ágúst. 57

## Gröf

Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 18
Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 20
Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 22
Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 24
Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 26
Graf 6 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 28
Graf 7 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 30
Graf 8 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 32
Graf 9 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 34
Graf 10 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 36
Graf 11 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). 38

## Myndir

Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google. 7

Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík. Gervitungalmynd frá Google. ..... 7
Mynd 3 sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google ..... 8
Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2024-2025 (neðst til hægri) og fyrir mælingarárin 2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024. Ríkjandi ölduátt á tímabilinu 2024-2025 var suðsuðvestan alda, eða um 40%, en sunnan og suðaustan alda var einnig algeng eða rétt um 20% og 15%. Sunnan aldan var að jafnaði með mestu ölduhæðina, en nokkuð var um háa ölduhæð úr suðsuðvestan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. ..... 9
Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2021-2022, 2022-2023, 2023-2024 og 2024-2025. Vel má sjá hversu lík öldugröfin 2021-2022 og 2024-2025 eru annarsvegar og 2022-2023 og 2023-2024 hins vegar. Á fyrri tveimur tímabilunum er suðsuðvestan aldan mun algengari og hæsta ölduhæð þaðan og úr sunnan öldunni, en á hinum tveimur tímabilunum er suðaustan alda mun algengari á hinum tímabilunum en þó einnig með nokkuð hátt hlutfall af suðsuðvestan öldu. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. ..... 10
Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2024 til ágúst 2025. ásamt umfangi breytinga sniðanna frá ágúst 2021 til ágúst 2024 (gráa svæðið). ..... 14
Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2024 til ágúst 2025, ásamt umfangi breytinga sniðanna frá október 2021 til ágúst 2024 (gráa svæðið). ..... 15
Mynd 8 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. ..... 15
Mynd 9 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024. ..... 16
Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 17
Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 19
Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 21
Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 23
Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 25
Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 27
Mynd 16 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 29
Mynd 17 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 31
Mynd 18 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 33
Mynd 19 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 35
Mynd 20 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025. ..... 37

Mynd 21 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 1 og 2 ásamt aukamælingu sem gerð var við fjörukambinn í ágúst vegna landbrots þar. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. ..... 40
Mynd 22 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 2 og 3 ásamt þeim tveimur aukamælingum sem þar voru gerðar í mars og ágúst vegna landbrots milli sniðanna. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025..... 41
Mynd 23 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 3 og 4. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára, en kamburinn gekk þó aðeins til baka víðast hvar milli sniðanna. ..... 41
Mynd 24 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 4 og 5. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára. ..... 42
Mynd 25 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 5 og 6. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára. ..... 42
Mynd 26 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 6 og 7. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Sjá má að kamburinn hefur gengið nokkuð aftur, en það var vegna þess að sjór gekk þar yfir í stormunum í febrúar og mars og hækkaði kambinn en færði hann einnig aftur. ..... 43
Mynd 27 sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 7 og 8. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Sjá má að kamburinn hefur gengið nokkuð aftur, en það var vegna þess að sjór gekk þar yfir í stormunum í febrúar og mars og hækkaði kambinn en færði hann einnig aftur. ..... 43
Mynd 28 sýnir rofabarðið milli sniða 2 og 3 og nær rofabaræði vestur fyrir snið 1. ..... 44
Mynd 29 sýnir rofabarðið milli sniða 1 og 2, en þar var áður flóðvarnargarður sem nú hefur tekið af. Landbrotið hefur nú náð langt inn í land og er ekkert sem kemur í veg fyrir að sjór gangi þar á land lengur. ..... 44
Mynd 30 sýnir fjörukambinn milli snið 6 og 7 og sniða 7 og 8 í fjarska. Kamburinn þar hækkaði mikið í febrúar og mars, en við það kaffærðist mikið af gróðri. Gróðurlínan er nú víða langt inn í landi á því svæði og gekk fjörukamburinn nokkuð aftur þrátt fyrir að ekkert landbrot hafi orðið. ..... 45
Mynd 31 sýnir hluta af þeim skemmdum sem baksvæði fjörunnar verður fyrir vegna umferðar ferðaþjónustuaðila og ýmissa annara ökutækja. Slík umferð hefur áhrif á fjörukambinn á milli snið 4 til 7 og hefur víða valdið skemmdum á gróðurþekju. ..... 45
Mynd 32 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2021 til ágúst 2025. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar, og ágúst 2024 – ágúst 2025 eru gular. ..... 53
Mynd 33 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá október 2021 til ágúst 2024. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar, og ágúst 2024 – ágúst 2025 eru gular. ..... 54
Mynd 34 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 1 - 8 frá ágúst 2021 til ágúst 2025. ..... 54
Mynd 35 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 9 - 11 frá október 2021 til ágúst 2025. ..... 55

Mynd 36 sýnir strandlengjuna rétt austan við Vík ásamt þeim sniðum sem þar eru. Snið 1 og 2 eru mæld mánaðarlega, en a-sniðin og snið 1.5 þegar tilefni er til. Þá sjást einnig mældar breytingar á fjörukambi við sniðin sem sýnir umfang landbrotsins í ágúst. ..... 56
Mynd 37 sýnir öll sniðin í Víkurfjöru á þær breytingar sem hafa orðið á henni frá 23. apríl 2023 til 27. ágúst 2025. ..... 58
Mynd 38 sýnir mælingar á sniðum 1 -3 fyrir og eftir storminn. Sjá má að landbrot varð aðeins við snið 2 og er mikil tilfærsla á sniðinu, á meðan takmarkaðar breytingar urðu á sniði 1 og 3. ..... 59
Mynd 39 sýnir hornið austan við nýrri sandfangarann og horft í vestur átt. Efnislosun hefur verið til hliðar við sandfangarann og braut nokkuð á því án þess þó að fjarlægja mikið af efni. ..... 59
Mynd 40 sýnir rofabarðið rétt austan við snið 1. Sjá má leifarnar af nýlagða flóðvarnargarðinum efst, en fyrir neðan eru tvö minni rofaborð sem eru í saman þjöppuðum jarðvegi. ..... 60
Mynd 41 sýnir hvar landbrot varð rétt vestan við snið a1, en þar fór flóðvarnargarðurinn allur og braut mikið á saman þjappaða jarðveginum einnig. Talsvert af sjó gekk á land í gegnum skarðið. ..... 60
Mynd 42 er tekinn við snið a4, en útihúsið sem fór í sjóinn stóð rétt til hægri á myndinni. Á myndinni sést einnig hesthúsið sem enn stendur. Við sniðið er ekkert melgresið og takmarkaður jarðvegur, og er því líklegt að þetta verði veikur punktur þegar landbrot á sér stað í framtíðinni. ..... 61
Mynd 43 er tekinn við snið a8 og horft í vestur átt. Þar má sjá hesthúsið sem enn stendur og fjörukambinn sem stendur þar enn. Austasta útihúsið er til hægri á myndinni en sést ekki. Á milli útihúsanna tveggja er nú ekki lengur neinn fjörukambur að ráði og gekk nokkuð af sjó þar á land..... 61
Mynd 44 er tekin við snið a10 og horft í vestur átt. Þar má sjá austara útihúsið og fjörukambinn sem enn er til staðar fyrir framan það. Skarð hefur myndast hér í fjörukambinn og gekk sjór einnig á land hér. Fljótlega austan af sniðinu fer rofabarðið að lækka ..... 62
Mynd 45 er tekinn við snið 3 og vottar á litlu rofabarði. Rofabarðið næst sniði 3 eru líklega leifarnar af rofabarðinu frá því í febrúar 2022, en það kom í ljós nú aftur. ..... 62
Mynd 46 sýnir ástandið á fjörunni á milli sniða 1 og 3, horft í vestur átt. Sjá má leifarnar af varnargarðinum, steinahrúgan í fjörunni, ásamt því hversu mikið landbrot varð fyrir aftan garðinn. ..... 63

# 1. Rannsóknaráætlun

Rannsóknin hófst í ágústmánuði 2021 og mun standa yfir á meðan efnistöku stendur úr námum af hálfu LavaConcept ehf. Markmið rannsóknarinnar er að vakta fjörurnar og rannsaka áhrif efnistöku úr efnisnámum á stöðuleika strandarinnar.


Rannsóknin á strandlínunni stendur saman af eftirfarandi:

1. Mánaðarlegar mælingar á 8 sniðum í fjörunum við fyrirhuguð efnistökusvæði í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) og þremur sniðum í Höfðafjöru sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3).
2. Mælingar á sniðum í Víkur- og Fagradalsfjöru fyrir og eftir storma.
3. Athugun á kornastærðardreifingu í fjörunni fari fram samhliða mælingum á sniðunum.
4. Ljósmyndir teknar af myndformum við sniðin og fjörunni lýst.
5. Mæling á stöðu fjörukambsins.


Átta snið voru sett upp í kringum efnistökusvæðin í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) í ágúst 2021 og 3 til viðbótar sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3) í október sama ár. Sniðin hafa síðan verið mæld mánaðarlega og fást þá gögn sem hægt er að útfæra yfir styttri og lengri tímabil varðandi breytingar á fjörunni. Sniðin tryggja að fylgst sé með strandlínunni við efnistökusvæðin bæði austan og vestan við þau. Með dreifingu sniðanna næst mynd af ástandi strandlengjunnar við efnistökusvæðin og þá tryggja mánaðarlegar mælingar það að hægt sé að grípa inn í atburðarrásina fljótt ef þess þarf. Þá munu sniðin í Höfðafjöru segja til um stöðuleika fjörunnar þar og hvort efnisflutningar þaðan hafi áhrif á Víkur- og Fagradalsfjöru.

Sniðin sjálf eru mæld með nákvæmu Topcon GPS tæki, en +/- á tækinu eru 0,005 m í lóðrétt (hæð) og 0,008 m í lárétt (fjarlægð). Mælingin fer þannig fram að GPS punktur er tekinn þar sem breyting í halla fjörunnar á sér stað. Með þessum punktum er síðan hægt að búa til yfirborð fjörunnar og út frá þeim upplýsingum má reikna rúmmál og breidd fjörunnar, en þeir útreikningar gefa síðan niðurstöður um hvort að rof og landbrot sé að eiga sér stað við fjöruna eða ekki. Hugtökin rof og landbrot koma oft fyrir í skýrslunni, en rof merkir það að efni sé fjarlægt úr fjörunni af öldu og flyst annað. Rof á sér stað yfirleitt á svæði sem er sífellt á færslu og því er þetta ekki varanlegt rof, þ.e.a.s. alda getur flutt sand þangað aftur og fjaran getur jafnað sig. Landbrot hins vegar er það þegar rof verður á landi sem vanalega er stöðugt og alda flytur að öllu jöfnu ekki sand á það svæði. Slík svæði eru t.d. fjörukambar sem hafa byggst upp á undanförnum áratugum. Fjaran getur því jafnað sig fljótt af rofi, dagar eða vikur, en seint af landbroti, ár eða áratugir.

Í þessari ársskýrslu er mælingaárið ágúst 2024-2025 tekið saman og farið yfir breytingar á fjörunni og fjörukambinum.




*Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google.*




*Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík. Gervitungalmynd frá Google.*





*Mynd 3 sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google.*

## 2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta


Ríkjandi ölduátt á mælingaárinu ágúst 2024 – ágúst 2025 var úr suðsuðvestri, rétt um 40%, en þar á eftir úr suðri og suðaustri, eða um 20% og 15% (mynd 4). Veturinn var nokkuð stormasamur, sérstaklega úr suðsuðvestri og suðri, og var bæði veturinn og árið harðara en árið á undan. Meðalölduhæð á mælingaárinu var 1,73 m, miðgildi ölduhæðar 1,42 m, og hæsta aldan var 5,43 metrar þann 1. mars 2025. Öldufar var svipað og það var mælingaárið 2021-2022, sem var nokkuð stormasamt ár, en öldufarið var nokkuð milt frá 2022-2024.

Tímabilið desember til mars er yfirleitt stormasamasta tímabilið á hverju ári og urðu nokkrir stormar á því tímabili á þessu mælingaári. Mestu stormarnir á mælingaárinu urðu 6. febrúar, 28. febrúar, 1. mars og 31. Mars. Stór hluti þess landbrots og rofs sem orðið hefur í fjörunum, hefur átt sér stað á þessu tímabili og spilar tímabilið því lykilhlutverki í þróun strandlínunnar. Á mynd 5 má sjá samanburð síðustu fjögurra ára á ölduhæð og stefnu á tímabilinu 18. desember til 31. mars.

Öldufarið á mælingaárunum 2022-2024 var mun mildara en á þessu mælingaári, en því svipar mjög til mælingaársins 2021-2022. Á mælingarárunum 2022-2024 var fjaran að miklu leyti stöðug og hvergi nema á sniði 10 sem varð mikið landbrot, sem er hugsanlega áframhaldandi þróun frá landbrotinu sem átti sér stað á árinu 2021-2022. Nokkuð var um landbrot á mælingaárinu 2024-2025, en mun minna en það var 2021-2022, þrátt fyrir svipað öldufar. Stór hluti landbrotsins sem var á núverandi mælingaári átti sér stað vegna ríkjandi suðsuðvestan öldu sem flutti mikið af efni í austur átt frá sniðum 1 til 3, og leiddi síðan af sér landbrot þegar ölduhæð var há. Það verður því forvitnilegt að sjá í framtíðinni hvort að svipað öldufar verði á næsta mælingaári og þá hversu mikið landbrot verður ef það gerist.




*Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2024-2025 (neðst til hægri) og fyrir mælingarárin 2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024. Ríkjandi ölduátt á tímabilinu 2024-2025 var suðsuðvestan alda, eða um 40%, en sunnan og suðaustan alda var einnig algeng eða rétt um 20% og 15%. Sunnan aldan var að jafnaði með mestu ölduhæðina, en nokkuð var um háa ölduhæð úr suðsuðvestan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.*




*Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2021-2022, 2022-2023, 2023-2024 og 2024-2025. Vel má sjá hversu lík öldugröfin 2021-2022 og 2024-2025 eru annarsvegar og 2022-2023 og 2023-2024 hins vegar. Á fyrri tveimur tímabilunum er suðsuðvestan aldan mun algengari og hæsta ölduhæð þaðan og úr sunnan öldunni, en á hinum tveimur tímabilunum er suðaustan alda mun algengari á hinum tímabilunum en þó einnig með nokkuð hátt hlutfall af suðsuðvestan öldu. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.*

# 3. Niðurstöður mælinga ágúst 2024 – ágúst 2025

Fyrsta mæling á Víkur- og Fagradalsfjöru var gerð þann 25. ágúst 2024 og í Höfðafjöru 24. ágúst. Síðasta mælingin á fjörunum var síðan gerð þann 25. ágúst 2025 í Víkur- og Fagradalsfjöru og 23. ágúst í Höfðafjöru.

Þegar mælingar hófust fyrir mælingaárið var staðan á strandlínunni nokkuð mismunandi, en flest sniðin voru þó í ágætis málum enda árin tvö á undan nokkuð mild. Öldufar var nokkuð óhagstætt yfir árið, en ölduskífan fyrir mælingaárið svipar mjög til skífunnar frá 2021-2022, en á því varð mikið landbrot á öllum sniðum. Á núverandi mælingaári var ríkjandi suðsuðvestan alda og nokkrir stórir stormar.

Áhrifin á fjöruna vegna þessa var mikið rof og landbrot við þau snið sem eru næst austasta sandfangaranum, eða snið 1, 2 og 3, ásamt landbroti við snið 10 og 11. Þá varð einnig langvarandi rof við snið 7 og 8, en það leiddi þó ekki til landbrots. Önnur snið höfðu jákvæða þróun yfir tímabilið og höfðu stormarnir tiltölulega lítil áhrif á mörg sniðanna. Staðan á sniðunum í lok mælingarársins miðað við upphaf þess var verri á sex sniðum en betri á fimm sniðum, en mörg sniðanna eru í virkilega slæmum málum og líklegt að það verði landbrot á næsta mælingarári.

## 3.1. Viðmið um rof í fjörunum

Litakóði hefur verið þróaður til að segja til um stöðu fjörunnar og þá hvort að efnistaka þaðan væri æskileg eða ekki. Tíðni storma, sérstaklega suðvestan og suð-suðvestan stormar, er það sem hefur mest um að segja varðandi stöðuleika fjörunnar og geta þeir valdið miklum breytingum á fjörunni sem og landbroti. Það er breidd og hæð fjörunnar sem segir mest til um hvort fjaran geti staðið af sér slíka storma, en efnistaka úr fjörunni getur haft áhrif á þessar tvær breytur, og því æskilegt að efnistaka sé ekki í gangi í fjörunni þegar hún er viðkvæm og hætta á landbroti er fyrir hendi. Slíkar aðstæður eru líklegastar að vera til staðar um hávetur, desember til mars, þegar tíðni storma er há, en geta þó myndast fyrr á árinu eða haldist eftir helsta stormatímabilið.

Litakóðinn skiptist niður í 4 liti, grænn, gulan, rauðan og svartan, og fer það eftir breytingum á rúmmáli og fjörubreidd hvaða lit hvert snið fær. Hægt er að sjá litakóðann fyrir hvert snið við hverja mælingu í töflu 1 og skilgreining fyrir hvern lit má finna í töflu 2.

Til að ákvarða litakóðann við hverja mælingu er rúmmál og breidd fjörunnar reiknað og það borið saman við mælinguna í ágúst hvert mælingaár. Það er gert vegna þess að fjaran hefur verið að hopa síðan um 1970, því er mikilvægt að endursetja kerfið á hverju ári. Það er vegna þess að fjörurnar munu líklega aldrei ná sömu stærð og þær voru í sumarið fyrir stormasaman vetur. Með öðrum orðum, rofið og landbrotið getur orðið það mikið yfir einn stormasaman vetur, að ef kerfið yrði ekki endursett þá yrðir litakóði hvers sniðs ávallt rauður þar sem fjaran mun seint eða aldrei ná að bæta við sig aftur því rúmmáli sem tapaðist.

*Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2024 – ágúst 2025.*

| | Snið 1 | Snið 2 | Snið 3 | Snið 4 | Snið 5 | Snið 6 | Snið 7 | Snið 8 | Snið 9 | Snið 10 | Snið 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst | | | | | | | | | | | |
| september | | | | | | | | | | | |
| október | | | | | | | | | | | |
| nóvember | | | | | | | | | | | |
| desember | | | | | | | | | | | |
| janúar | | | | | | | | | | | |
| febrúar | | | | | | | | | | | |
| mars | | | | | | | | | | | |
| apríl | | | | | | | | | | | |
| maí | | | | | | | | | | | |
| júní | | | | | | | | | | | |
| júlí | | | | | | | | | | | |
| ágúst | | | | | | | | | | | |

Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða.

| | |
|---|---|
| Fjara stöðug | Staðan á fjörunni er góð. Þegar miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar aukist eða ekki minnkað meira en 250 m/m, og breidd fjöru hefur aukist eða ekki minnkað meira en um 5 metra.<br>Sniðið er hátt og breitt og lítil hætta á landbroti – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar |
| Tímabundnar sveiflur í stöðuleika | Staðan á fjörunni er ágæt en fer versnandi. Ef miðað er við ágúst mælingu þá hefur rúmmál fjörunnar ekki minnkað meira en 800 m/m og/eða breidd fjöru hefur ekki minnkað meira en 10 metra.<br>Sniðið fer lækkandi og breiddin minnkandi. Ekki mikil hætta á landbroti, en eykst ef þróunin heldur áfram – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar, en ef staðan á fjörunni heldur áfram að versna gæti það breyst |
| Miklar, langvarandi og/eða endurteknar breytingar | Staðan á fjörunni er slæm. Ef miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar minnkað meira en 800 m/m og breiddin meira en 10 metra.<br>Sniðið hefur lækkað mikið ásamt því að breiddin hefur minnkað, sem veldur hættu á landbroti – efnistaka gæti haft neikvæð áhrif á stöðuleika fjörunnar og æskilegt væri að stöðva efnistöku þangað til sniðið hefur jafnað sig |
| Landbrot | Landbrot hefur átt sér stað, þ.e.a.s. rof hefur orðið við fjörukamb, sem er meira en 1 metri, og eru enn líkur á að það haldi áfram – stöðva ætti efnistöku þangað til að fjaran hefur jafnað sig |

*Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m (R). Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli.*

| | Snið 1 | | Snið 2 | | Snið 3 | | Snið 4 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | R | B | R | B | R | B | R |
| ágúst | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 |
| sept | -5,4 | -628 | -4,6 | -570 | -9,5 | -678 | -6,2 | -582 |
| okt | 12,7 | 2.114 | -3,2 | 78 | -3,3 | -142 | -4,8 | -265 |
| nóv | -7,4 | -516 | -12,9 | -1.241 | -26,3 | -2.416 | -4,2 | 37 |
| des | 5,7 | 1.107 | -11,3 | -1.128 | -27,4 | -2.638 | 23,2 | 2.318 |
| jan | 3,3 | 521 | -16,7 | -1.706 | -34,5 | -3.614 | 10,6 | 1.723 |
| feb | 12,8 | 1.262 | -20,7 | -2.320 | -33,7 | -4.085 | 13,7 | 2.374 |
| mar | -17,5 | -1.837 | -33,6 | -3.730 | -46,9 | -5.614 | 16,4 | 2.860 |
| apr | -18,3 | -1.988 | -39,2 | -4.537 | -45,6 | -5.738 | 24,4 | 3.210 |
| maí | -19,2 | -2.133 | -42,3 | -5.021 | -46,9 | -5.939 | 28,8 | 3.700 |
| júní | -13,0 | -1.268 | -42,6 | -5.185 | -46,9 | -5.939 | 23,1 | 2.816 |
| júlí | -8,8 | -1.437 | -43,3 | -5.244 | -47,2 | -5.934 | 22,4 | 2.863 |
| ágúst | -19,8 | -2.164 | -45,1 | -5.756 | -53,0 | -6.526 | 19,3 | 2.571 |


| | Snið 5 | | Snið 6 | | Snið 7 | | Snið 8 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | R | B | R | B | R | B | R |
| ágúst | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 |
| sept | 11,9 | 1.175 | -4,7 | -215 | 7,1 | 962 | -1,5 | 143 |
| okt | 2,8 | 995 | 5,8 | 681 | -4,2 | -200 | -7,4 | -259 |
| nóv | 4,3 | 1.153 | -6,6 | -500 | 1,1 | 685 | -26,0 | -1.781 |
| des | -6,9 | 128 | -10,6 | -823 | 2,3 | 512 | -30,7 | -2.444 |
| jan | -17,7 | -1.445 | -6,7 | -310 | -6,6 | 186 | -39,7 | -3.499 |
| feb | 0,6 | 265 | 0,4 | 622 | -11,5 | -577 | -26,6 | -1.856 |
| mar | 1,9 | 838 | -3,6 | -435 | -21,8 | -1.740 | -53,0 | -3.387 |
| apr | 1,3 | 819 | 10,8 | 1.000 | -18,7 | -1.984 | -49,7 | -3.687 |
| maí | 4,7 | 1.309 | 3,7 | 883 | -22,9 | -2.295 | -45,3 | -3.428 |
| júní | 10,3 | 1.644 | 6,9 | 977 | -22,7 | -2.370 | -46,8 | -3.460 |
| júlí | 8,3 | 1.236 | 14,0 | 1.209 | -19,9 | -1.927 | -44,4 | -3.442 |
| ágúst | 7,4 | 1.337 | 13,7 | 1.376 | -22,3 | -2.020 | -47,4 | -3.631 |

| | Snið 9 | | Snið 10 | | Snið 11 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | B | R | B | R | B | R |
| ágúst | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| sept | -17,0 | -704 | 3,8 | -332 | -2,6 | -67 |
| okt | 8,3 | 615 | 2,9 | 120 | 4,6 | 435 |
| nóv | -10,8 | -851 | 1,7 | 228 | -16,1 | -972 |
| des | 14,7 | 1305 | -5,3 | -737 | -9,2 | -490 |
| jan | 41,7 | 4012 | -18,4 | -2.968 | -8,1 | -308 |
| feb | 48,7 | 6101 | -16,0 | -2.672 | -30,7 | -2.664 |
| mar | 43,1 | 5273 | 1,5 | -951 | 49,7 | -2.611 |
| apr | 54,9 | 5365 | 9,4 | 364 | 30,1 | 578 |
| maí | 46,4 | 5870 | 26,6 | 1.339 | 26,9 | 949 |
| júní | 54,8 | 5962 | 29,7 | 1.513 | 18,1 | 858 |
| júlí | 60,3 | 6099 | 34,3 | 1.591 | 17,3 | 764 |
| ágúst | 59,4 | 6621 | 40,7 | 2.266 | 1,4 | -115 |


## 3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs

Þrettán mælingar voru gerðar á öllum sniðunum á mælingaárinu, og má sjá mælingarnar í gröfum á mynd 6 og 7. Vegna fjölda mælinga er erfitt að sjá þróun fjörunnar yfir mælingaárið. Til að sjá betur muninn var gert svokallað „envelope of change“ sem hægt væri að útleggja á íslensku sem „umfang breytinga“ yfir mælingaárið og má sjá á myndum 8 og 9. Þar eru teknar saman allar mælingarnar, en í staðinn fyrir að það sé lína fyrir hverja mælingu þá eru toppar og botnar alla mælinganna sameinaðir og breytingarnar sjást því betur. Síðan er bætt við mælingunum í ágúst 2023 og ágúst 2024 til að sjá enn betur breytingarnar yfir árið. Eins og sjá má á myndum 8 og 9 þá hafa breytingarnar á sniðunum verið mismiklar yfir mælingaárið. Snið 5 og 6 voru mjög stöðug yfir tímabilið og urðu takmarkaðar breytingar á eim, á meðan að snið 1, 2 og 10 urðu fyrir töluverðu landbroti og fóru út fyrir umfang breytinga á sniðunum frá fyrri árum (myndir 6 og 7). Í töflum 1, 3 og 4 má sjá þróunina nánar á öllum sniðunum yfir árið. Þar má sjá að rof í Víkur- og Fagradalsfjöru varð að mestu leyti við snið 1-3, 7 og 8, en þau snið urðu fyrir langvarandi rofi á tímabilinu. Landbrot varð við snið 1-3 og 10 og 11, aðalega vegna tíðra storma í febrúar og mars. Snið 4 var það snið sem kom best út úr mælingaárinu, en það stækkaði mikið yfir tímabilið og snið 9 hafði einnig svipaða þróun. Lágmarki breidd og rúmmáli á sniðunum var að öllu jöfnu á milli desember og apríl, enda öldufar yfirleitt óhagstætt þá, en síðan þá hafa flest sniðin byrjað að bæta við sig, misjafnlega þó. Staðan á sniðum 1-3 er mikið áhyggjuefni, en langvarandi suðsuðvestan alda hefur valdið miklu rofi og landbroti við sniðin og ef öldustefnan verður ríkjandi fram á næsta mælingaár er hætta á áframhaldandi landbroti. Til að sjá enn betur þær breytingar sem hafa orðið á fjörunni yfir mælingaárið, er hvert snið skoðað fyrir sig. Tvær breytur voru notaðar til þess að fylgjast með sniðunum, breidd og rúmmál. Breidd fjörunnar við hvert snið


var reiknuð í eins (1) metra hæð í gamla landshæðarkerfinu en rúmmálið í -1 m. Breidd sniða til rúmmálsreikninga var breytilegt eftir sniðum og má sjá í viðauka 2.





*Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2024 til ágúst 2025. ásamt umfangi breytinga sniðanna frá ágúst 2021 til ágúst 2024 (gráa svæðið).*




*Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2024 til ágúst 2025, ásamt umfangi breytinga sniðanna frá október 2021 til ágúst 2024 (gráa svæðið).*





*Mynd 8 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.*




*Mynd 9 sýnir umfang breytinga (gráa svæðið) yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2023 og ágúst 2024.*

### 3.2.1. Snið 1





*Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 1 var ekki í góðu ásigkomulagi í upphafi mælingaársins (mynd 10), var 34,8 m á breidd og með rúmmál upp á 6.758 m/m. Á núverandi mælingaári fór breiddin mest í 47,6 m í febrúar 2025 og rúmmálið í 8.872 m/m í október 2024. Við lok tímabilsins í ágúst 2025 var sniðið 15 m á breidd og með rúmmál upp á 4.594 m/m, sem var minnsta breidd og rúmmál sem sniðið hafið yfir mælingaárið. Sniðið styttist um 19,8 m á tímabilinu og rúmmálið minnkaði um 2.164 m/m. Heildar landbrot upp á 2,1 metra varð við sniðið á tímabilinu, en mun meira landbrot varð á milli janúar og febrúar, eða 4,4 metrar, en fljótlega fyllti upp í hluta þess af foksandi. Sniðið varð því svart einu sinni yfir mælingaárið. Eins og sjá má í töflu 5 og á grafi 1, þá var sniðið nokkuð stöðugt fram í febrúar, þó að það hafi haft sveiflur inn á milli. Eftir það varð mikið rof við sniðið og hélst sniðið bæði stutt og með lágt rúmmál út mælingarárið. Þróunin á sniðinu er mjög neikvæð og hefur sniðið ekki verið styttra né með minna rúmmál síðan mælingar hófust. Ríkjandi suðsuðvestan alda var frá janúar og er helsta ástæðan fyrir hvernig er komið fyrir sniðinu. Ekki var mikið landbrot við sniðið og mun sniðið því geta jafnað sig nokkuð vel næst þegar það kemur tímabil með ríkjandi suðaustan öldu.


*Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu.*

| Snið 1 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 34,8 | | | 6.758 | | |
| september 2024 | 29,4 | -5,4 | -5,4 | 6.130 | -628 | -628 |
| október 2024 | 47,5 | 12,7 | 18,1 | 8.872 | 2.114 | 2.742 |
| nóvember 2024 | 27,4 | -7,4 | -20,1 | 6.242 | -516 | -2.630 |
| desember 2024 | 40,5 | 5,7 | 13,1 | 7.865 | 1.107 | 1.623 |
| janúar 2025 | 38,0 | 3,3 | -2,4 | 7.279 | 521 | -586 |
| febrúar 2025 | 47,6 | 12,8 | 9,6 | 8.020 | 1.262 | 741 |
| mars 2025 | 17,3 | -17,5 | -30,3 | 4.921 | -1.837 | -3.099 |
| apríl 2025 | 16,5 | -18,3 | -0,8 | 4.770 | -1.988 | -151 |
| maí 2025 | 15,5 | -19,2 | -1,0 | 4.625 | -2133 | -145 |
| júní 2025 | 21,8 | -13,0 | 6,3 | 5.490 | -1.268 | 865 |
| júlí 2025 | 26,0 | -8,8 | 4,2 | 5.321 | -1437 | -169 |
| ágúst 2025 | 15,0 | -19,8 | -11,0 | 4.594 | -2.164 | -727 |




*Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.2. Snið 2





*Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 2 var í ágætis málum í upphafi mælingaársins (mynd 11), en byrjað var á framkvæmdum vegna sjóvarnargarðs við sniðið og því hár sandhóll í miðri fjörunni vegna gryfjunnar sem grafin var fyrir garðinn. Í upphafi mælingaársins var fjaran 35,2 m á breidd og með rúmmál upp á 8.064 m/m. Það var einnig mesta breiddin á sniðinu á mælingarárinu, en mesta rúmmálið var 8.142 m/m í október. Sniðið endaði með breidd upp á -9,9 m og með rúmmál upp á 2.308 m/m, og var það einnig minnsta breidd og rúmmál sem sniðið hafði yfir tímabilið. Breiddin á sniðinu minnkaði því um 45,1 metra og rúmmálið um 5.756 m/m. Heildar landbrot við sniðið var 9 metrar, en við það brotnaði stór hluti af varnargarðinum sem var reistur árið á undan, en hann kom í veg fyrir að eiginlegt landbrot hafi orðið. Eins og sjá má í töflu 6 og á grafi 2, þá tapaði sniðið bæði breidd og rúmmáli nánast í hverjum mánuði og þróunin á sniðinu mjög neikvæð. Sniðið hefur aldrei verið jafn stutt né með jafn lítið rúmmál og mun varnargarðurinn ekki halda til lengdar. Ríkjandi suðsuðvestan alda var frá janúar og er helsta ástæðan fyrir hvernig er komið fyrir sniðinu.


*Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu.*

| Snið 2 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| ágúst 2024 | 35,2 | | | 8.064 | | |
| september 2024 | 30,6 | -4,6 | -4,6 | 7.494 | -570 | -570 |
| október 2024 | 32,0 | -3,2 | 1,4 | 8.142 | 78 | 648 |
| nóvember 2024 | 22,3 | -12,9 | -9,6 | 6.823 | -1.241 | -1.319 |
| desember 2024 | 24,0 | -11,3 | 1,6 | 6.936 | -1.128 | 113 |
| janúar 2025 | 18,5 | -16,7 | -5,5 | 6.358 | -1.706 | -578 |
| febrúar 2025 | 14,5 | -20,7 | -4,0 | 5.744 | -2.320 | -614 |
| mars 2025 | 1,6 | -33,6 | -12,9 | 4.334 | -3.730 | -1.410 |
| apríl 2025 | -4,0 | -39,2 | -5,6 | 3.527 | -4.537 | -807 |
| maí 2025 | -7,1 | -42,3 | -3,1 | 3.043 | -5.021 | -484 |
| júní 2025 | -7,4 | -42,6 | -0,3 | 2.879 | -5.185 | -164 |
| júlí 2025 | -8,1 | -43,3 | -0,7 | 2.820 | -5.244 | -59 |
| ágúst 2025 | -9,9 | -45,1 | -1,8 | 2.308 | -5.756 | -512 |




*Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.3. Snið 3





*Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 3 var í ágætu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 12), 50,7 m á breidd og með rúmmál upp á 13.733 m/m, og voru það hæstu gildi fyrir sniðið allt mælingarárið. Sniðið endaði hins vegar í -2,3 m og með rúmmál upp á 7.207 m/m, og voru bæði lægstu gildi fyrir sniðið á mælingaárinu. Sniðið tapaði því 53 metrum í breidd og 6.526 m/m í rúmmáli, og var þróunin á sniðinu því mjög neikvæð. Sjá má í töflu 7 og grafi 3 að þróunin á sniðinu var svipuð og á sniðið 2, og tapaði það breidd og rúmmáli í næstum því hverjum mánuði á mælingaárinu. Sniðið er komið að þeim mörkum sem það hafði eftir mikið landbrot um veturinn 2022, og er m.a. rofabarðið sem myndaðist þá orðið sýnilegt í fjörunni. Ef þessi þróun heldur áfram mun sniðið ná sínum lægstu gildum síðan mælingar byrjuðu og verður hætta á að landbrot hefjist á ný. Góðu fréttirnar eru þær að melgresið sem sáð var við sniðið hefur náð sér vel á strik og þá hækkaði bakhluti sniðsins nokkuð þegar sjór gekk langt upp á land í stormunum í febrúar og mars 2025.


*Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu.*

| Snið 3 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 50,7 | | | 13.733 | | |
| september 2024 | 41,2 | -9,5 | -9,5 | 13.055 | -678 | -678 |
| október 2024 | 47,4 | -3,3 | 6,1 | 13.591 | -142 | 536 |
| nóvember 2024 | 24,4 | -26,3 | -23,0 | 11.317 | -2.416 | -2.274 |
| desember 2024 | 23,3 | -27,4 | -1,1 | 11.095 | -2.638 | -222 |
| janúar 2025 | 16,2 | -34,5 | -7,0 | 10.119 | -3.614 | -976 |
| febrúar 2025 | 17,0 | -33,7 | 0,8 | 9.648 | -4.085 | -471 |
| mars 2025 | 3,8 | -46,9 | -13,2 | 8.119 | -5.614 | -1.529 |
| apríl 2025 | 5,1 | -45,6 | 1,3 | 7.995 | -5.738 | -124 |
| maí 2025 | 3,8 | -46,9 | -1,3 | 7.794 | -5.939 | -201 |
| júní 2025 | 3,8 | -46,9 | 0,0 | 7.794 | -5.939 | 0 |
| júlí 2025 | 3,5 | -47,2 | -0,3 | 7.799 | -5.934 | 5 |
| ágúst 2025 | -2,3 | -53,0 | -5,9 | 7.207 | -6.526 | -592 |




*Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.4. Snið 4





*Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 4 var í nokkuð slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 13), en við upphaf mælingaársins var sniðið -0,6 m á breidd og með rúmmál upp á 13.945 m/m. Breiddin fór minnst í -6,8 m og rúmmálið í 13.363 m/m í september 2024 og mest í 28,2 metra og 17.645 m/m í maí 2025. Sniðið endaði hins vegar í 18,7 metrum og 16.516 m/m, og breikkaði sniðið því um 19,3 metra á tímabilinu og rúmmálið jókst um 2.571 m/m. Þróunin á sniðinu var jákvæð yfir tímabil og sést það vel í töflu 8 og á grafi 4, en eftir september 2024 þá óx sniðið nokkuð stöðugt fram á sumar og þrátt fyrir að sniðið hafi tapað aðeins í breidd og rúmmáli seinniparts sumars, þá er sniðið í nokkuð góðum málum eftir mælingaárið. Ekkert landbrot varð við sniðið á tímabilinu, heldur þvert á móti þar sem fjörukamburinn gekk bæði fram og hækkaði sig mikið. Þá hefur melgresið sem sá var í kringum sniðið náð sér vel á strik.


*Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu.*

| Snið 4 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -0,6 | | | 13.945 | | |
| september 2024 | -6,8 | -6,2 | -6,2 | 13.363 | -582 | -582 |
| október 2024 | -5,4 | -4,8 | 1,5 | 13.680 | -265 | 317 |
| nóvember 2024 | -4,8 | -4,2 | 0,6 | 13.982 | 37 | 302 |
| desember 2024 | 22,6 | 23,2 | 27,4 | 16.263 | 2.318 | 2.281 |
| janúar 2025 | 10,0 | 10,6 | -12,5 | 15.668 | 1.723 | -595 |
| febrúar 2025 | 13,1 | 13,7 | 3,0 | 16.319 | 2.374 | 651 |
| mars 2025 | 15,8 | 16,4 | 2,7 | 16.805 | 2.860 | 486 |
| apríl 2025 | 23,7 | 24,4 | 7,9 | 17.155 | 3.210 | 350 |
| maí 2025 | 28,2 | 28,8 | 4,5 | 17.645 | 3.700 | 490 |
| júní 2025 | 22,5 | 23,1 | -5,7 | 16.761 | 2.816 | -884 |
| júlí 2025 | 21,8 | 22,4 | -0,7 | 16.808 | 2.863 | 47 |
| ágúst 2025 | 18,7 | 19,3 | -3,1 | 16.516 | 2.571 | -292 |




*Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.5. Snið 5





*Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 5 var í ágætis ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 14), en sniðið var 43,2 m á breidd og með rúmmál upp á 9.675 m/m. Breiddin fór minnst í 25,5 m og rúmmálið í 8.230 m/m í janúar, en hæst fór breiddin í 55,1 í september og rúmmálið 11.319 m/m í júní. Sniðið endaði hins vegar í 50,7 metrum og 11.012 m/m í rúmmáli. Breiddin jókst því um 7,4 metra og rúmmálið um 1.337 m/m. Þróunin á sniðinu var því jákvæð og voru ekki miklar sveiflur á sniðinu yfir tímabilið. Sniðið sýndi góða árstíðarsveiflu, þar sem rof varð við sniðið frá nóvember til mars, en jafnaði sig yfir sumarmánuðina. Ekkert landbrot varð við sniðið og bættist um 1,4 metrar af efni fremst við fjörukambinn.


*Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu.*

| Snið 5 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 43,2 | | | 9.675 | | |
| september 2024 | 55,1 | 11,9 | 11,9 | 10.850 | 1.175 | 1.175 |
| október 2024 | 46,0 | 2,8 | -9,1 | 10.670 | 995 | -180 |
| nóvember 2024 | 47,5 | 4,3 | 1,5 | 10.828 | 1.153 | 158 |
| desember 2024 | 36,3 | -6,9 | -11,2 | 9.803 | 128 | -1.025 |
| janúar 2025 | 25,5 | -17,7 | -10,8 | 8.230 | -1.445 | -1.573 |
| febrúar 2025 | 43,8 | 0,6 | 18,3 | 9.940 | 265 | 1.710 |
| mars 2025 | 45,2 | 1,9 | 1,3 | 10.513 | 838 | 573 |
| apríl 2025 | 44,5 | 1,3 | -0,6 | 10.494 | 819 | -19 |
| maí 2025 | 47,9 | 4,7 | 3,4 | 10.984 | 1.309 | 490 |
| júní 2025 | 53,5 | 10,3 | 5,6 | 11.319 | 1.644 | 335 |
| júlí 2025 | 51,5 | 8,3 | -2,0 | 10.911 | 1.236 | -408 |
| ágúst 2025 | 50,7 | 7,4 | -0,9 | 11.012 | 1.337 | 101 |




*Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.6. Snið 6





*Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 6 var ekki í góðu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 15), en sniðið var 33,8 m á breidd og með rúmmál upp á 8.618 m/m. Breiddin fór minnst í 23,2 m og rúmmálið í 7.795 m/m í desember, en mesta breiddin var 47,8 m í júlí og rúmmálið 9.994 m/m í ágúst 2025. Sniðið endaði síðan í 47,5 m á breidd. Sniðið lengdist því um 13,7 m á mælingaárinu og rúmmálið jókst um 1.376 m/m (tafla 12).

Ekkert landbrot varð við sniðið á tímabilinu og var fjaran og kamburinn mjög stöðug yfir allt árið, en helsta breytingin var sú að kamburinn hækkaði sig nokkuð vegna foksands. Breytingarnar á sniðinu eru líklega þær minnstu sem mælst hafa á heilu mælingaári í Víkur- og Fagradalsfjöru. Þrátt fyrir það þá sést nokkuð góðar árstíðarbundnar breytingar í töflu 10 og á grafi 6, en sniðið tók nokkra dýfu á milli nóvember og janúar, en eftir það hækkuðu gildin næstum því mánaðarlega við sniðið.


*Tafla 10 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 6 á tímabilinu.*

| Snið 6 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 33,8 | | | 8.618 | | |
| september 2024 | 29,1 | -4,7 | -4,7 | 8.403 | -215 | -215 |
| október 2024 | 39,6 | 5,8 | 10,5 | 9.299 | 681 | 896 |
| nóvember 2024 | 27,1 | -6,6 | -12,4 | 8.118 | -500 | -1.181 |
| desember 2024 | 23,2 | -10,6 | -3,9 | 7.795 | -823 | -323 |
| janúar 2025 | 27,1 | -6,7 | 3,9 | 8.308 | -310 | 513 |
| febrúar 2025 | 34,2 | 0,4 | 7,1 | 9.240 | 622 | 932 |
| mars 2025 | 30,1 | -3,6 | -4,0 | 8.183 | -435 | -1.057 |
| apríl 2025 | 44,6 | 10,8 | 14,5 | 9.618 | 1.000 | 1.435 |
| maí 2025 | 37,5 | 3,7 | -7,2 | 9.501 | 883 | -117 |
| júní 2025 | 40,7 | 6,9 | 3,2 | 9.595 | 977 | 94 |
| júlí 2025 | 47,8 | 14,0 | 7,1 | 9.827 | 1.209 | 232 |
| ágúst 2025 | 47,5 | 13,7 | -0,4 | 9.994 | 1.376 | 167 |




*Graf 6 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.7. Snið 7





*Mynd 16 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 7 var í ágætis málum í upphafi mælingaársins (mynd 16), var 94,7 m á breidd og rúmmál upp á 14.356 m/m. Breiddin fór minnst í 71,8 m í maí og rúmmálið í 11.986 m/m í júní, en endar í 72,4 m og með rúmmál upp á 12.336 m/m. Sniðið tapaði því breidd upp á 22,3 m og 2.020 m/m í rúmmáli. Hæstu gildin fyrir sniðið voru í september þegar breiddin var 101,8 og rúmmálið 15318 m/m. Þetta er annað árið í röð sem sniðið er að tapa mikilli breidd og tapar nú einnig nokkuð í rúmmáli. Þróunin á sniðinu er því neikvæð eins og sjá má í töflu 11 og grafi 7 og var tap á breidd og rúmmáli nokkuð stöðugt frá nóvember og fram til ágúst. Ein jákvæð þróun var þó við sniðið, en alda gekk langt upp á land í stormunum í lok febrúar og byrjun mars og við það hækkaði bakhluti sniðsins mikið og fjörukamburinn gekk fram um hátt í 40 metra. Hugsanlega má rekja rofið við sniðið, að hluta til allavega, til ríkjandi suðsuðvestan öldu á tímabilinu, en mynni Kerlingadalsáar og Múlakvíslar snéri til austurs stærsta hluta tímabilsins og því minna um setflutinga til fjörunnar vestan við ósa ánna.


*Tafla 11 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 7 á tímabilinu.*

| Snið 7 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 94,7 | | | 14.356 | | |
| september 2024 | 101,8 | 7,1 | 7,1 | 15.318 | 962 | 962 |
| október 2024 | 90,5 | -4,2 | -11,3 | 14.156 | -200 | -1.162 |
| nóvember 2024 | 95,8 | 1,1 | 5,3 | 15.041 | 685 | 885 |
| desember 2024 | 97,0 | 2,3 | 1,2 | 14.868 | 512 | -173 |
| janúar 2025 | 88,1 | -6,6 | -9,0 | 14.542 | 186 | -326 |
| febrúar 2025 | 83,2 | -11,5 | -4,8 | 13.779 | -577 | -763 |
| mars 2025 | 72,9 | -21,8 | -10,3 | 12.616 | -1.740 | -1.163 |
| apríl 2025 | 76,0 | -18,7 | 3,0 | 12.372 | -1.984 | -244 |
| maí 2025 | 71,8 | -22,9 | -4,2 | 12.061 | -2.295 | -311 |
| júní 2025 | 72,0 | -22,7 | 0,1 | 11.986 | -2.370 | -75 |
| júlí 2025 | 74,8 | -19,9 | 2,9 | 12.429 | -1.927 | 443 |
| ágúst 2025 | 72,4 | -22,3 | -2,4 | 12.336 | -2.020 | -93 |




*Graf 7 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.8. Snið 8





*Mynd 17 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 8 var í ágætis ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 17), 160,9 m á breidd og rúmmál upp á 17.519 m/m. Breiddin fór minnst í 107,9 m í mars og rúmmálið minnst í 13.832 m/m í apríl, en endar í 113,6 m á breidd og rúmmál upp á 13.888 m/m. Sniðið styttist því um 47,3 m og minnkaði um 3.631 m/m í rúmmáli. Breiddin á sniðinu var mest í ágúst 2024, en fyrir rúmmálið var það 17.662 m/m í september. Eftir það hefst rof sem stendur út mælingaárið, fyrir utan snögga viðbót í febrúar. Sjór gekk einnig á land við sniðið í stormunum í lok febrúar og byrjun mars og hækkaði afturhluti sniðsins mikið við það. Það olli því einnig að staðsetningin á fjörukambinum gekk fram um tugi metra. Eftir að sniðið hækkaði sig varð aðeins rof efst á sniðinu sem færði fjörukambinn aftar, en hann endaði á að vera 54,6 metrum framar en í byrjun mælingaársins. Þróunin á sniðinu er því nánast sú sama og við snið 7 og er neikvæð eins og má sjá í töflu 12 og á grafi 8. Hugsanlega má rekja rofið við sniðið, að hluta til allavega, til ríkjandi suðsuðvestan öldu á tímabilinu, en mynni Kerlingadalsáar og Múlakvíslar snéri til austurs stærsta hluta tímabilsins og því minna um setflutninga til fjörunnar vestan við ósa ánna.


*Tafla 12 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 8 á tímabilinu.*

| Snið 8 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 160,9 | | | 17.519 | | |
| september 2024 | 159,5 | -1,5 | -1,5 | 17.662 | 143 | 143 |
| október 2024 | 153,6 | -7,4 | -5,9 | 17.260 | -259 | -402 |
| nóvember 2024 | 135,0 | -26,0 | -18,6 | 15.738 | -1.781 | -1.522 |
| desember 2024 | 130,2 | -30,7 | -4,7 | 15.075 | -2.444 | -663 |
| janúar 2025 | 121,2 | -39,7 | -9,0 | 14.020 | -3.499 | -1.055 |
| febrúar 2025 | 134,3 | -26,6 | 13,1 | 15.663 | -1.856 | 1.643 |
| mars 2025 | 107,9 | -53,0 | -26,4 | 14.132 | -3.387 | -1.531 |
| apríl 2025 | 111,3 | -49,7 | 3,4 | 13.832 | -3.687 | -300 |
| maí 2025 | 115,6 | -45,3 | 4,3 | 14.091 | -3.428 | 259 |
| júní 2025 | 114,2 | -46,8 | -1,4 | 14.059 | -3.460 | -32 |
| júlí 2025 | 116,5 | -44,4 | 2,3 | 14.077 | -3.442 | 18 |
| ágúst 2025 | 113,6 | -47,4 | -3,0 | 13.888 | -3.631 | -189 |




*Graf 8 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.9. Snið 9





*Mynd 18 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 9 var í ágætis málum við upphaf mælinga (mynd 18), var 66,9 m á breidd og með rúmmál upp á 16.539 m/m. Breiddin fór minnst í 49,9 m í september og rúmmálið í 15.688 í nóvember, en hæstu gildin voru 127,2 metrar í júlí og 23.160 m/m í ágúst 2025. Breiddin endaði síðan í 126,3 metrum og lengdist sniðið því um 59,4 m og rúmmálið jókst um 6.621 m/m. Þróunin er því mjög jákvæð og er þetta annað árið í röð þar sem sniðið er að bæta vel við sig í breidd og rúmmáli. Það bættist við breidd og rúmmál sniðsin við flestar mælingar á tímabilinu eins og sjá má í töflu 13 og grafi 9, en eftirtektarvert er hversu mikið bættist yfir helstu vetrarmánuðina, sem er óvenjulegt. Ekkert landbrot varð við sniðið en aðeins bættist við af foksandi fyrir framan sniðið og gekk fjörukamburinn fram um 4,2 metra á mælingarárinu. Sniðið er orðið jafn langt og það var fyrir hið mikla landbrot um veturinn 2021 til 2022, en enn vantar töluvert upp á að rúmmálið nái sér. Það verður því forvitnilegt að sjá hvort að sniðið haldi áfram að bæta við sig, eða hvort að nýtt tímabil af rofi eigi eftir að hefjast.


*Tafla 13 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 9 á tímabilinu.*

| Snið 9 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 66,9 | | | 16.539 | | |
| september 2024 | 49,9 | -17,0 | -17,0 | 15.835 | -704 | -704 |
| október 2024 | 75,2 | 8,3 | 25,3 | 17.154 | 615 | 1.319 |
| nóvember 2024 | 56,1 | -10,8 | -19,1 | 15.688 | -851 | -1.466 |
| desember 2024 | 81,7 | 14,7 | 25,6 | 17.844 | 1.305 | 2.156 |
| janúar 2025 | 108,6 | 41,7 | 27,0 | 20.551 | 4.012 | 2.707 |
| febrúar 2025 | 115,6 | 48,7 | 7,0 | 22.640 | 6.101 | 2.089 |
| mars 2025 | 110,0 | 43,1 | -5,6 | 21.812 | 5.273 | -828 |
| apríl 2025 | 121,9 | 54,9 | 11,9 | 21.904 | 5.365 | 92 |
| maí 2025 | 113,3 | 46,4 | -8,5 | 22.409 | 5.870 | 505 |
| júní 2025 | 121,8 | 54,8 | 8,4 | 22.501 | 5.962 | 92 |
| júlí 2025 | 127,2 | 60,3 | 5,4 | 22.638 | 6.099 | 137 |
| ágúst 2025 | 126,3 | 59,4 | -0,9 | 23.160 | 6.621 | 522 |




*Graf 9 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.10. Snið 10





*Mynd 19 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 10 var ekki í góðum málum við upphaf mælinga (mynd 19), en breiddin í upphafi mælingaársins var 55,4 m og rúmmálið 10.469 m/m, en lægst fór breiddin í 36,9 m og rúmmálið 7.501 m/m í janúar. Sniðið endaði síðan í 96,1 m og 12.735 m/m og var það einnig mesta breidd og rúmmál sem sniðið hafði á tímabilinu. Sniðið bætti því við sig 40,7 metra í breidd og 2.266 m/m í rúmmáli. Landbrot upp á 19,3 metra varð við sniðið á mælingarárinu, en því lauk í mars og eftir það hefur fjaran bætt vel við sig og eru nú mun minni líkur á að landbrot haldi áfram nema það komi til nokkurs rofs fyrir. Þrátt fyrir þetta landbrot þá var þróunin á sniðinu jákvæð á mælingarárinu eins og sjá má í töflu 14 og á grafi 10. Þrátt fyrir að þróunin hafi verið jákvæð á tímabilinu, þá hefur sniðið hopað mikið undanfarin ár og þrátt fyrir að það hafi jafnað sig töluvert á seinni hluta tímabilsins, þá er líklegt að rof hefjist aftur um veturinn í það minnsta.


*Tafla 14 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 10 á tímabilinu.*

| Snið 10 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 55,4 | | | 10.469 | | |
| september 2024 | 59,2 | 3,8 | 3,8 | 10.137 | -332 | -332 |
| október 2024 | 58,3 | 2,9 | -0,9 | 10.589 | 120 | 452 |
| nóvember 2024 | 57,1 | 1,7 | -1,2 | 10.697 | 228 | 108 |
| desember 2024 | 50,0 | -5,3 | -7,1 | 9.732 | -737 | -965 |
| janúar 2025 | 36,9 | -18,4 | -13,1 | 7.501 | -2.968 | -2.231 |
| febrúar 2025 | 39,3 | -16,0 | 2,4 | 7.797 | -2.672 | 296 |
| mars 2025 | 56,9 | 1,5 | 17,6 | 9.518 | -951 | 1.721 |
| apríl 2025 | 64,7 | 9,4 | 7,8 | 10.833 | 364 | 1.315 |
| maí 2025 | 82,0 | 26,6 | 17,3 | 11.808 | 1.339 | 975 |
| júní 2025 | 85,1 | 29,7 | 3,1 | 11.982 | 1.513 | 174 |
| júlí 2025 | 89,6 | 34,3 | 4,5 | 12.060 | 1.591 | 78 |
| ágúst 2025 | 96,1 | 40,7 | 6,4 | 12.735 | 2.266 | 675 |




*Graf 10 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

### 3.2.11. Snið 11





*Mynd 20 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2024 og ágúst 2025.*

Snið 11 var í nokkuð góðum málum við upphaf mælingaársins (mynd 20), eða 90,5 m og með rúmmál upp á 10.187 m/m. Á tímabilinu fór það lægst í 59,8 m og 7.523 m/m í janúar, hæst í 140,3 metra í mars og 11.136 m/m í maí. Sniðið endaði síðan í 91,9 m og 10.072 m/m. Sniðið breikkaði því um 1,4 m á mælingarárinu en rúmmálið minnkaði um 115 m/m. Ekki urðu því miklar heildarbreytingar á sniðinu yfir tímabilið, en sniðið sýndi nokkuð góða árstíðabundna sveiflu og fór sniðið að vaxa eftir veturinn. Landbrot varð við sniðið upp á 9 metra í heildina en það myndaðist ekki rofabarð við sniðið. Nokkuð meira landbrot varð milli sniða 10 og 11 og myndaðist þar mikið rofabarð, en það fylltist fljótlega aftur upp í það. Þróunin á sniðinu er því örlítið jákvæð eins og má sjá í töflu 15 og grafi 11, en ekki varð jafn mikill vöxtur við sniðið og við snið 9 og 10, og er það nokkuð áhyggjuefni fyrir framtíðina.

*Tafla 15 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 11 á tímabilinu.*

| Snið 11 | breidd (m) | mismunur frá ágúst (m) | mismunur milli mánaða (m) | Rúmmál (m/m) | mismunur frá ágúst (m/m) | mismunur milli mánaða (m/m) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 90,5 | | | 10.187 | | |
| september 2024 | 88,0 | -2,6 | -2,6 | 10.120 | -67 | -67 |
| október 2024 | 95,1 | 4,6 | 7,2 | 10.622 | 435 | 502 |
| nóvember 2024 | 74,4 | -16,1 | -20,7 | 9.215 | -972 | -1.407 |
| desember 2024 | 81,4 | -9,2 | 7,0 | 9.697 | -490 | 482 |
| janúar 2025 | 82,5 | -8,1 | 1,1 | 9.879 | -308 | 182 |
| febrúar 2025 | 59,8 | -30,7 | -22,7 | 7.523 | -2.664 | -2.356 |
| mars 2025 | 140,3 | 49,7 | 80,5 | 7.576 | -2.611 | 53 |
| apríl 2025 | 120,7 | 30,1 | -19,6 | 10.765 | 578 | 3.189 |
| maí 2025 | 117,5 | 26,9 | -3,2 | 11.136 | 949 | 371 |
| júní 2025 | 108,7 | 18,1 | -8,8 | 11.045 | 858 | -91 |
| júlí 2025 | 107,8 | 17,3 | -0,8 | 10.951 | 764 | -94 |
| ágúst 2025 | 91,9 | 1,4 | -15,9 | 10.072 | -115 | -879 |




*Graf 11 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).*

## 3.3. Breytingar á fjörukambi

Í töflu 16 er samanlagt landbrot við hvert snið tekið saman. Ekki var mikið um landbrot við sniðin á mælingarárinu, en þó varð töluvert landbrot við snið 10 í Höfðafjöru og síðan við snið 1-3 í Víkurfjöru. Önnur snið héldust stöðug eða gengu fram.

*Tafla 16 sýnir samanlagt landbrot við hvert snið.*

| | | | Staðsetning fjörukambs (m) | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | ágúst | sept | okt | nóv | des | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ág | mismunur (m) frá ágúst 2024 |
| snið 1 | -8,7 | -8,9 | -9,7 | -8,7 | -8,3 | -7,7 | -12,1 | -10,2 | -11,0 | -10,8 | -10,9 | -10,9 | -10,8 | -2,1 |
| snið 2 | -10,7 | -10,8 | -10,5 | -10,6 | -10,8 | -10,8 | -10,7 | -11,4 | -13,3 | -14,2 | -15,5 | -15,4 | -19,6 | -9,0 |
| snið 3 | -38,2 | -36,3 | -35,7 | -31,4 | -33,8 | -30,8 | -28,7 | -41,2 | -45,1 | -45,0 | -44,6 | -43,8 | -44,5 | -6,3 |
| snið 4 | -83,1 | -84,0 | -40,2 | -41,9 | -41,8 | -42,4 | -25,1 | -30,1 | -31,2 | -27,9 | -32,7 | -31,9 | -31,4 | 51,7 |
| snið 5 | -21,9 | -21,9 | -22,2 | -21,4 | -21,8 | -21,7 | -22,5 | -21,5 | -19,0 | -18,9 | -19,4 | -21,1 | -20,4 | 1,4 |
| snið 6 | -20,9 | -21,1 | -21,0 | -21,8 | -21,3 | -21,9 | -21,8 | -21,3 | -20,6 | -20,4 | -20,5 | -20,8 | -20,7 | 0,2 |
| snið 7 | -8,5 | -5,4 | -5,7 | -5,0 | -5,2 | -5,1 | 48,3 | 31,1 | 26,6 | 27,0 | 27,9 | 28,0 | 28,1 | 36,6 |
| snið 8 | 16,1 | 17,8 | 19,0 | 20,6 | 20,3 | 21,8 | 13,2 | 74,6 | 68,7 | 68,3 | 70,4 | 70,8 | 70,6 | 54,6 |
| snið 9 | -43,2 | -42,9 | -43,3 | -42,9 | -43,6 | -41,6 | -43,6 | -43,9 | -45,2 | -44,4 | -40,4 | -39,0 | -39,0 | 4,2 |
| snið 10 | -1,5 | -2,0 | -2,1 | -1,9 | -2,5 | -10,6 | -12,6 | -20,3 | -21,5 | -20,2 | -20,7 | -22,1 | -20,8 | -19,3 |
| snið 11 | -3,5 | -2,9 | -3,0 | -3,7 | -4,6 | -6,5 | -4,5 | -9,5 | -23,5 | -13,6 | -27,7 | -20,9 | -12,5 | -9,0 |


Til að meta betur þær breytingar sem hafa orðið á fjörukambinum þá er gerð árleg mæling á staðsetningu fjörukambsins í fjörunum eins og þær leggja sig á milli sniðanna. Þó er fjörukamburinn við snið 9-11 ekki mældur nema við sniðin sjálf. Á mælingaárinu 2024-2025 var mælingin á fjörukambinum gerð 20. október, en þá voru einnig gerðar tvær mælingar á fjörukambinum á milli snið 1-3 og eru þær einnig birtar hér. Mikið landbrot varð við snið 1-3 á dögunum eftir síðustu sniðmælingu á mælingarárinu, og þar sem fjörukambsmælingin var gerð eftir það landbrot, þá kemur það landbrot hér inn þrátt fyrir að hafa ekki átt sér stað á mælingarárinu sjálfu. Þetta hefur eingöngu áhrif á þessi þrjú snið og í viðauka er fjallað meira um landbrotið sem átti sér stað í lok ágúst. Víða er enginn eiginlegur fjörukambur í fjörunni, og er á mælt við gróðurlínu eða hæsta punkt inn af fjörunni. Þetta á við nokkur svæði í Víkur- og Fagradalsfjöru, og alla fjöruna í Höfðafjöru og er því fjörukamburinn ekki mældur þar. Mælingar á fjörukambinum hafa verið kortlagðar upp á loftmyndir í forritinu QGIS (mynd 21-27). Milli sniða 1 og 2 varð aðeins landbrot í óveðrunum í febrúar og mars, en síða töluvert landbrot í lok ágúst. Í Því landbroti fór varnargarðurinn allur ásamt fremsta útihúsinu og flóðvarnargarðurinn sem var á milli eystri sandfangarans og útihúsanna við snið 2. Milli sniða 2 og 3 varð einnig landbrot í febrúar og mars, og bættist síðan mikið við það í lok ágúst. Milli sniða 3 og 4 færðist fjörukamburinn aðeins aftur, en það er aðalega vegna hops á melgresinu sem var sáð í fyrra. Milli sniða 4 og 5 og sniða 5 og 6 varð lítilleg aukning á flatarmáli fjörukambsins en að mestu leyti breyttist lega hans lítið. Milli sniða 6 og 7 varð engin breyting rétt austan við snið 6, en þegar nær dregur sniði 7 færðist kamburinn nokkuð aftur. Sú tilfærsla varð vegna stormanna í febrúar og mars, en þá gekk sjór á land við sniðið. Ekki varð landbrot vegna þess þó, heldur þvert á móti hækkaði efri hluti fjörunnar þar mikið, eða allt að 0,5 metrar, en vegna þessa eyddist gróður víða við fjörukambinn og gekk hann því til baka. Þetta gerðist einnig á milli sniða 7 og 8 og útskýrir hina miklu tilfærslu þar.

Miklar breytingar hafa orðið á fjörukambinum við milli sniða 1 og 3, en þar er kamburinn nú rofabarð (mynd 28). Landbrotið olli því einnig að flóðvarnargarðurinn hvarf að mestu nema rétt austan við


sandfangarann (mynd 29) og varnargarðurinn sem var reistur á síðasta mælingarári hvarf í sjóinn. Þetta þýðir að kamburinn verður í meiri hættu á að verða fyrir landbroti í framtíðinni og er einnig hætt á að það verði algengara að sjór gangi fyrir kambinn þar sem hann er nú mun lægri en hann var fyrir landbrotið. Annarsstaðar hélst fjörukamburinn nokkuð stöðugur og víða safnaðist foksandur upp að sandhólum og gömlum rofabörðum. Víða er enginn eiginlegur fjörukambur (mynd 30) og gróðurlaust, sérstaklega á milli snið 3 og 4 og sniða 6-8. Þá hefur umferð ferðaþjónustuaðila um svæðið verið mikil og fer hluti þeirra umferðar um gróði bakland fjörunna (mynd 31) og hefur valdið töluverðum gróðurskemmdum víða sem mun koma niður á stöðuleika fjörunnar í framtíðinni.

*Tafla 17 sýnir heildarflatarmál landbrots eða viðbótar á milli hvers sniðs.*


| Snið | Flatarmál ($m^2$) |
|---|---|
| 1 til 2 | -9.323 |
| 2 til 3 | -8.838 |
| 3 til 4 | -1.818 |
| 4 til 5 | 191 |
| 5 til 6 | 557 |
| 6 til 7 | -3.946 |
| 7 til 8 | -6.889 |
| samtals: | -30.066 |





*Mynd 21* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 1 og 2 ásamt aukamælingu sem gerð var við fjörukambinn í ágúst vegna landbrots þar. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025.




*Mynd 22* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 2 og 3 ásamt þeim tveimur aukamælingum sem þar voru gerðar í mars og ágúst vegna landbrots milli sniðanna. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025.





*Mynd 23* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 3 og 4. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára, en kamburinn gekk þó aðeins til baka víðast hvar milli sniðanna.





*Mynd 24* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 4 og 5. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára.




*Mynd 25* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 5 og 6. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Ekki urðu miklar breytingar á fjörukambinum á milli mælingaára.




*Mynd 26* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 6 og 7. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Sjá má að kamburinn hefur gengið nokkuð aftur, en það var vegna þess að sjór gekk þar yfir í stormunum í febrúar og mars og hækkaði kambinn en færði hann einnig aftur.




*Mynd 27* sýnir síðustu tvær mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 7 og 8. Gula línan sýnir stöðuna á fjörukambinum 1. september 2024 og sú bláa sýnir stöðuna 20. október 2025. Sjá má að kamburinn hefur gengið nokkuð aftur, en það var vegna þess að sjór gekk þar yfir í stormunum í febrúar og mars og hækkaði kambinn en færði hann einnig aftur.



*Mynd 28 sýnir rofabarðið milli sniða 2 og 3 og nær rofabaræði vestur fyrir snið 1.*



*Mynd 29 sýnir rofabarðið milli sniða 1 og 2, en þar var áður flóðvarnargarður sem nú hefur tekið af. Landbrotið hefur nú náð langt inn í land og er ekkert sem kemur í veg fyrir að sjór gangi þar á land lengur.*



*Mynd 30 sýnir fjörukambinn milli snið 6 og 7 og sniða 7 og 8 í fjarska. Kamburinn þar hækkaði mikið í febrúar og mars, en við það kaffærðist mikið af gróðri. Gróðurlínan er nú víða langt inn í landi á því svæði og gekk fjörukamburinn nokkuð aftur þrátt fyrir að ekkert landbrot hafi orðið.*



*Mynd 31 sýnir hluta af þeim skemmdum sem baksvæði fjörunnar verður fyrir vegna umferðar ferðaþjónustuaðila og ýmissa annara ökutækja. Slík umferð hefur áhrif á fjörukambinn á milli snið 4 til 7 og hefur víða valdið skemmdum á gróðurþekju.*

# 4. Viðaukar

## 4.1. Viðauki 1 – GPS upplýsingar og kort

GPS mælingarnar eru gerðar í ISN93 hnitakerfinu og hæðarkerfið er gamla landshæðarkerfið. Fastapunkturinn sem notaður er er við Kirkjuna í Vík, heitið er KGARD1 (11402) og hnitin eru: 323.865.788 - 499.805.550, hæð er 33,6130 m.

Til að tryggja réttar mælingar á sniðunum er hvert snið merkt með 3 staurum, einum fyrir aftan fjörukambinn, einum ofan á fjörukambnum og einum fyrir framan hann. Staurarnir merkja hvar hvert snið er og gefa mælanda beina línu til að fylgja þegar mælandi gengur niður fjöruna og mælir snið, og þar með tryggja gæði mælinganna. Staðsetning stauranna er þannig að aftasti staurinn ætti að vera nægjanlega langt fyrir aftan fjörukambinn svo að ekki sé hætt á að staurinn hverfi vegna rofs, en hinir tveir þannig að þeir sjáist sem best úr fjörunni.

**Hnit hvers sniðs**

| Snið 1 | Snið 2 | Snið 3 |
|---|---|---|
| snid1-1,323622.0092,500602.2463 | snid2-1,323649.4257,501044.0608 | snid3-1,323668.368,501404.1192 |
| snid1-2,320590.7003,500476.9132 | snid2-2,320544.9342,501141.3253 | snid3-2,320677.4592,501426.4008 |

| Snið 4 | Snið 5 | Snið 6 |
|---|---|---|
| snid4-1,323701.4648,501868.919 | snid5-1,323765.0688,502294.1454 | snid6-1,323829.92,502889.907 |
| snid4-2,320892.8744,501414.356 | snid5-2,320515.2768,502199.2534 | snid6-2,320522.06,502619.892 |

| Snið 7 | Snið 8 | Snið 9 |
|---|---|---|
| snid7-1,323911.17,503383.492 | snid8-1,323987.288,503782.547 | sn9-1,323692.066,511423.749 |
| snid7-2,320400.27,503247.04 | snid8-2,320569.511,503700.071 | sn9-2,311549.276,506963.644 |

| Snið 10 | Snið 11 |
|---|---|
| sn10-1,323495.012,511842.141 | sn11-1,323464.795,513239.919 |
| sn10-2,311106.895,509959.005 | sn11-2,311288.395,510797.967 |

## 4.2. Viðauki 2 – RMAP útreikningar á rúmmáli sniða

### Snið 1 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -20,00 | 100,00 | 6.758 | -9,07 |
| september 2024 | -20,00 | 100,00 | 6.130 | -9,07 |
| október 2024 | -20,00 | 100,00 | 8.872 | -9,07 |
| nóvember 2024 | -20,00 | 100,00 | 6.242 | -9,07 |
| desember 2024 | -20,00 | 100,00 | 7.865 | -9,07 |
| janúar 2025 | -20,00 | 100,00 | 7.279 | -9,07 |
| febrúar 2025 | -20,00 | 100,00 | 8.020 | -9,07 |
| mars 2025 | -20,00 | 100,00 | 4.921 | -6,23 |
| apríl 2025 | -20,00 | 100,00 | 4.770 | -9,07 |
| maí 2025 | -20,00 | 100,00 | 4.625 | -8,11 |
| júní 2025 | -20,00 | 100,00 | 5.490 | -8,11 |
| júlí 2025 | -20,00 | 100,00 | 5.321 | -8,11 |
| ágúst 2025 | -20,00 | 100,00 | 4.594 | -7,90 |

### Snið 2 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -25,00 | 70,00 | 8.064 | -8,89 |
| september 2024 | -25,00 | 70,00 | 7.494 | -8,89 |
| október 2024 | -25,00 | 70,00 | 8.142 | -8,89 |
| nóvember 2024 | -25,00 | 70,00 | 6.823 | -8,89 |
| desember 2024 | -25,00 | 70,00 | 6.936 | -8,89 |
| janúar 2025 | -25,00 | 70,00 | 6.358 | -8,89 |
| febrúar 2025 | -25,00 | 70,00 | 5.744 | -8,89 |
| mars 2025 | -25,00 | 70,00 | 4.334 | -8,89 |
| apríl 2025 | -25,00 | 70,00 | 3.527 | -8,13 |
| maí 2025 | -25,00 | 70,00 | 3.043 | -8,03 |
| júní 2025 | -25,00 | 70,00 | 2.879 | -8,03 |
| júlí 2025 | -25,00 | 70,00 | 2.820 | -8,89 |
| ágúst 2025 | -25,00 | 70,00 | 2.308 | -8,89 |

### Snið 3 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -60,00 | 90,00 | 13.733 | -19,06 |
| september 2024 | -60,00 | 90,00 | 13.055 | -19,06 |
| október 2024 | -60,00 | 90,00 | 13.591 | -19,06 |
| nóvember 2024 | -60,00 | 90,00 | 11.317 | -19,06 |
| desember 2024 | -60,00 | 90,00 | 11.095 | -19,06 |
| janúar 2025 | -60,00 | 90,00 | 10.119 | -19,06 |
| febrúar 2025 | -60,00 | 90,00 | 9.648 | -19,06 |
| mars 2025 | -60,00 | 90,00 | 8.119 | -18,54 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| apríl 2025 | -60,00 | 90,00 | 7.995 | -17,84 |
| maí 2025 | -60,00 | 90,00 | 7.794 | -17,56 |
| júní 2025 | -60,00 | 90,00 | 7.794 | -17,60 |
| júlí 2025 | -60,00 | 90,00 | 7.799 | -24,96 |
| ágúst 2025 | -60,00 | 90,00 | 7.207 | -24,96 |

## Snið 4 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -110,00 | 60,00 | 13.945 | -33,74 |
| september 2024 | -110,00 | 60,00 | 13.363 | -34,01 |
| október 2024 | -110,00 | 60,00 | 13.680 | -32,11 |
| nóvember 2024 | -110,00 | 60,00 | 13.982 | -33,93 |
| desember 2024 | -110,00 | 60,00 | 16.263 | -34,01 |
| janúar 2025 | -110,00 | 60,00 | 15.668 | -33,87 |
| febrúar 2025 | -110,00 | 60,00 | 16.319 | -33,81 |
| mars 2025 | -110,00 | 60,00 | 16.805 | -33,93 |
| apríl 2025 | -110,00 | 60,00 | 17.155 | -32,23 |
| maí 2025 | -110,00 | 60,00 | 17.645 | -33,31 |
| júní 2025 | -110,00 | 60,00 | 16.761 | -32,22 |
| júlí 2025 | -110,00 | 60,00 | 16.808 | -35,01 |
| ágúst 2025 | -110,00 | 60,00 | 16.516 | -35,01 |

## Snið 5 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -37,00 | 80,00 | 9.675 | -11,30 |
| september 2024 | -37,00 | 80,00 | 10.850 | -11,34 |
| október 2024 | -37,00 | 80,00 | 10.670 | -11,34 |
| nóvember 2024 | -37,00 | 80,00 | 10.828 | -11,26 |
| desember 2024 | -37,00 | 80,00 | 9.803 | -11,34 |
| janúar 2025 | -37,00 | 80,00 | 8.230 | -11,30 |
| febrúar 2025 | -37,00 | 80,00 | 9.940 | -11,29 |
| mars 2025 | -37,00 | 80,00 | 10.513 | -11,29 |
| apríl 2025 | -37,00 | 80,00 | 10.494 | -11,12 |
| maí 2025 | -37,00 | 80,00 | 10.984 | -11,13 |
| júní 2025 | -37,00 | 80,00 | 11.319 | -11,03 |
| júlí 2025 | -37,00 | 80,00 | 10.911 | -16,54 |
| ágúst 2025 | -37,00 | 80,00 | 11.012 | -16,53 |

## Snið 6 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -33,00 | 70,00 | 8.618 | -10,27 |
| september 2024 | -33,00 | 70,00 | 8.403 | -10,14 |
| október 2024 | -33,00 | 70,00 | 9.299 | -10,07 |
| nóvember 2024 | -33,00 | 70,00 | 8.118 | -9,83 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| desember 2024 | -33,00 | 70,00 | 7.795 | -10,33 |
| janúar 2025 | -33,00 | 70,00 | 8.308 | -9,98 |
| febrúar 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.240 | -10,28 |
| mars 2025 | -33,00 | 70,00 | 8.183 | -10,20 |
| apríl 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.618 | -10,14 |
| maí 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.501 | -10,51 |
| júní 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.595 | -10,78 |
| júlí 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.827 | -10,86 |
| ágúst 2025 | -33,00 | 70,00 | 9.994 | -10,84 |

## Snið 7 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -23,00 | 150,00 | 14.356 | -7,23 |
| september 2024 | -23,00 | 150,00 | 15.318 | -7,23 |
| október 2024 | -23,00 | 150,00 | 14.156 | -7,23 |
| nóvember 2024 | -23,00 | 150,00 | 15.041 | -7,23 |
| desember 2024 | -23,00 | 150,00 | 14.868 | -7,23 |
| janúar 2025 | -23,00 | 150,00 | 14.542 | -7,23 |
| febrúar 2025 | -23,00 | 150,00 | 13.779 | -7,23 |
| mars 2025 | -23,00 | 150,00 | 12.616 | -10,34 |
| apríl 2025 | -23,00 | 150,00 | 12.372 | -6,16 |
| maí 2025 | -23,00 | 150,00 | 12.061 | -6,57 |
| júní 2025 | -23,00 | 150,00 | 11.986 | -6,94 |
| júlí 2025 | -23,00 | 150,00 | 12.429 | -11,19 |
| ágúst 2025 | -23,00 | 150,00 | 12.336 | -11,18 |

## Snið 8 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | 5,00 | 200,00 | 17.519 | 1,47 |
| september 2024 | 5,00 | 200,00 | 17.662 | 1,47 |
| október 2024 | 5,00 | 200,00 | 17.260 | 1,47 |
| nóvember 2024 | 5,00 | 200,00 | 15.738 | 1,47 |
| desember 2024 | 5,00 | 200,00 | 15.075 | 1,47 |
| janúar 2025 | 5,00 | 200,00 | 14.020 | 1,47 |
| febrúar 2025 | 5,00 | 200,00 | 15.663 | 1,47 |
| mars 2025 | 5,00 | 200,00 | 14.132 | -0,15 |
| apríl 2025 | 5,00 | 200,00 | 13.832 | -1,19 |
| maí 2025 | 5,00 | 200,00 | 14.091 | -1,40 |
| júní 2025 | 5,00 | 200,00 | 14.059 | -1,33 |
| júlí 2025 | 5,00 | 200,00 | 14.077 | -1,51 |
| ágúst 2025 | 5,00 | 200,00 | 13.888 | -1,51 |

## Snið 9 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -64,00 | 110,00 | 16.539 | -19,69 |
| september 2024 | -64,00 | 110,00 | 15.835 | -19,68 |
| október 2024 | -64,00 | 110,00 | 17.154 | -19,68 |
| nóvember 2024 | -64,00 | 110,00 | 15.688 | -19,69 |
| desember 2024 | -64,00 | 110,00 | 17.844 | -19,69 |
| janúar 2025 | -64,00 | 110,00 | 20.551 | -19,69 |
| febrúar 2025 | -64,00 | 110,00 | 22.640 | -19,69 |
| mars 2025 | -64,00 | 110,00 | 21.812 | -19,69 |
| apríl 2025 | -64,00 | 110,00 | 21.904 | -20,07 |
| maí 2025 | -64,00 | 110,00 | 22.409 | -19,82 |
| júní 2025 | -64,00 | 110,00 | 22.501 | -20,13 |
| júlí 2025 | -64,00 | 110,00 | 22.638 | -20,01 |
| ágúst 2025 | -64,00 | 110,00 | 23.160 | -19,74 |

## Snið 10 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -20,00 | 100,00 | 10.469 | -20,31 |
| september 2024 | -20,00 | 100,00 | 10.137 | -20,31 |
| október 2024 | -20,00 | 100,00 | 10.589 | -20,31 |
| nóvember 2024 | -20,00 | 100,00 | 10.697 | -20,31 |
| desember 2024 | -20,00 | 100,00 | 9.732 | -20,31 |
| janúar 2025 | -20,00 | 100,00 | 7.501 | -20,31 |
| febrúar 2025 | -20,00 | 100,00 | 7.797 | -20,31 |
| mars 2025 | -20,00 | 100,00 | 9.518 | -20,31 |
| apríl 2025 | -20,00 | 100,00 | 10.833 | -20,52 |
| maí 2025 | -20,00 | 100,00 | 11.808 | -20,62 |
| júní 2025 | -20,00 | 100,00 | 11.982 | -20,38 |
| júlí 2025 | -20,00 | 100,00 | 12.060 | -18,53 |
| ágúst 2025 | -20,00 | 100,00 | 12.735 | -20,66 |

## Snið 11 Profile Volume Report

Base Elevation: -1 m

| Profile | XOn (m) | XOff (m) | Volume (cu. m/m) | Base Elevation Location (m) |
|---|---|---|---|---|
| ágúst 2024 | -6,00 | 130,00 | 10.187 | -1,99 |
| september 2024 | -6,00 | 130,00 | 10.120 | -1,99 |
| október 2024 | -6,00 | 130,00 | 10.622 | -1,99 |
| nóvember 2024 | -6,00 | 130,00 | 9.215 | -1,99 |
| desember 2024 | -6,00 | 130,00 | 9.697 | -1,99 |
| janúar 2025 | -6,00 | 130,00 | 9.879 | -1,99 |
| febrúar 2025 | -6,00 | 130,00 | 7.523 | -1,38 |
| mars 2025 | -6,00 | 130,00 | 7.576 | -18,11 |
| apríl 2025 | -6,00 | 130,00 | 10.765 | -10,77 |
| maí 2025 | -6,00 | 130,00 | 11.136 | -11,08 |
| júní 2025 | -6,00 | 130,00 | 11.045 | -10,83 |
| júlí 2025 | -6,00 | 130,00 | 10.951 | -12,20 |
| ágúst 2025 | -6,00 | 130,00 | 10.072 | -18,27 |

## 4.3. Þróun fjörunnar frá ágúst 2021 til ágúst 2025

Eins og má sjá á myndum 32-35 hefur þróun sniðanna í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru verið mismunandi, en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa orðið fyrir miklu rofi og landbroti vegna storma frá desember 2021 fram í apríl 2022. Verstur var einn stormur í byrjun febrúar, en sá stormur olli mestu landbrotinu, en þó hafði landbrot hafist víða fyrir storminn og hélt einnig áfram eftir hann. Rofið yfir veturinn 2021-2022 var mismikið á milli sniða en er vel greinilegt á bæði yfirborði sniðanna sem og rúmmáli þeirra. Slíkur atburður hefur ekki átt sér stað aftur, en þróun sniðanna síðan þá er í flestum tilvikum beintengt við rofið sem átti sér stað þá. Öldufar fyrstu tveggja mælingaáranna eftir það ár var nokkuð hagstætt fyrir fjörurnar, með tíðri suðaustan átt, færri stormum, og tiltölulega lágri ölduhæð. Sniðin byrjuðu mörg hver að jafna sig aðeins á því tímabili, en landbrot hélt áfram á öðrum, t.d. sniði 10. Á mælingaárinu 2024-2025 varð þróunin nokkuð mismunandi eftir sniðum, en landbrot byrjaði við snið 1-3 en lauk í bili við snið 10.

Ef þróun hvers sniðs er skoðað fyrir sig, sést þróunin á fjörunni betur.

Snið 1 hefur verið mjög óstöðugt enda mjög háð ríkjandi öldustefnu. Suðsuðvestan aldan veldur rofi á meðan að suðaustan aldan veldur uppbyggingu. Rúmmálið flöktir því mikið, en þegar suðsuðvestan aldan er ríkjandi yfir langt tímabil veldur það hættu á landbroti og á endanum landbroti eins og gerðist veturinn 2024-2025. Þróun á rúmmáli bendir til þess að það sé langtíma rof við sniðið þrátt fyrir að það safni miklu rúmmáli þegar það eru ríkjandi suðaustan áttir.

Snið 2 varð fyrir miklu landbroti fyrstu tvö mælingarárin, en byrjaði að byggjast upp eftir það. Hluti að þeirri uppbyggingu er villandi þó þar sem varnargarður var reistur við sniðið sem jók rúmmálið mikið. Byrjað var að grafa í fjörunni í apríl og maí 2023 og varnargarðurinn var síðan reistur í október og nóvember sama ár. Eftir það var sniðið í ágætis málum þangað til um veturinn 2024-2025, en þá hófst rof sem endaði í miklu landbroti í febrúar og mars 2025 og hélt landbrot áfram lítilega út mælingarárið. Það er langtímarof við sniðið og hefur það aldrei verið með jafn lítið rúmmál og í ágúst 2025.

Snið 3 varð fyrir mjög miklu rofi og landbroti í byrjun árs 2022, og hélst nokkuð stöðugt eftir það fram til ágúst 2023. Eftir það fór sniðið að vaxa hægt og þétt fram til október 2024, en eftir það hefur orðið mikið rof við sniðið og var m.a. rofabarðið frá 2022 komið í ljós í lok mælingaársins 2024-2025. Rofabarðið sem myndaðist í landbrotinu í byrjun árs 2022 er í miðju túni, en mikill sandur barst yfir túnið þá og hefur verið til staðar þar síðan. Melgresi var sáð í sandinn vorið 2024 og hefur það náð sér ágætlega á strik víða við snið 3 síðan. Þó hefur mikil umferð við sniðið ollið nokkrum skemmdum á melgresinu. Umferðin við sniðið er vegna þess að hvalur rak upp í fjöruna í desember 2024 og barst upp að sniði 3 í stormunum í febrúar og mars. Hafa ferðaþjónustufyrirtæki, ferðamenn og heimamenn því verið mikið á ferðinni þar og valdið þessum skemmdum á melgresinu.

Snið 4 varð einnig fyrir mjög miklu rofi og landbroti í byrjun árs 2022. Sniðið byrjaði að jafna sig aðeins eftir það en missti síðan mjög mikið rúmmál á milli september og október 2022, og var mælingin í október lægsta rúmmál sem sniðið hefur haft. Rúmmálið jafnaði sig þó strax í nóvember og síðan þá hefur rúmmálið verið að vaxa nokkuð hægt og stöðugt en án stórra breytinga. Sniðið hefur ekki orðið fyrir frekara landbroti síðan í byrjun árs 2022 og hefur hækkað nokkuð síðan þá. Melgresi var einnig sáð í sniðið árið 2024 og hefur það að mestu haldið, en þar sem akstursleið niður í fjöru liggur í gegnum það svæði þar sem melgresinu var sáð, þá hefur melgresið ekki náð fótfestu á því svæði.

Snið 5 hélt áfram að rýrna síðan landbroti varð við sniðið í febrúar 2022 og varð einnig fyrir landbroti næstu tvö vetur á eftir. Síðast varð sniðið fyrir landbroti á milli janúar og febrúar 2024, en síðan þá hefur sniðið jafnað sig mikið og hefur m.a. baksvæði þess hækkað mikið. Rúmmálið hefur einnig aukist nokkuð jafnt við sniðið síðan þá og er eitt af fáum sniðum sem hefur sýnt árstíðabundnar sveiflur. Sveiflurnar eru þó bara vel greinilegar fyrir árin 2024 og 2025, en þá varð rof yfir veturinn en síðan jafnaði það sig yfir sumartímann, en það er einnig smá vísir af árstíðarsveiflum á árunum tveimur á undan.

Snið 6 varð fyrir hvað minnsta rúmmálstapi í byrjun árs 2022 og hélst nokkuð stöðugt fram í mars 2023. Í mars og apríl það ár varð mikið landbrot við sniðið og hefur aldrei mælst með minna rúmmál en þá. Sniðið byrjaði að jafna sig eftir það, en landbrot varð aftur fyrir mælinguna í janúar 2024 og var þá mjög nálægt rúmmálinu í apríl 2023. Eftir það hefur sniðið verið að jafna sig hægt og bítandi.


Snið 7 varð fyrir mikilli rúmmálsminnkun í byrjun árs 2022 en hefur síðan þá verið að jafna sig hægt og þétt og var kominn á svipaðan stað í lok mælingarársins 2023-2024 og það var á fyrir rofið í byrjun árs 2022. Eftir það, og sérstaklega frá janúar og út mælingarárið 2024-2025, var lítið en langvarandi rof á sniðnu og er það líklegt að rekja mætti það til ríkjandi suðsuðvestan öldu á því tímabili sem olli breytingum á ósi Kerlingadalsáar og snéri mynni hennar til austurs lungan úr árinu. Sniðið sýnir nokkuð góða árstíðabundnar breytingar, þ.e. rof yfir verstu vetrarmánuðina en bætir við sig á öðrum mánuðum. Mælingarárið 2024-2025 var öðruvísi þó þar sem ekki var jafn afgerandi rof og rofið hélt áfram yfir sumarmánuðina.

Snið 8 varð einnig fyrir mikilli rúmmálsminnkun í byrjun árs 2022, en var fljótt að jafna sig af því og er eina sniðið sem gerði það. Sniðið sýndi mjög stöðuga hegðun yfir fyrstu þrjú mælingarárin og sýndi mjög góðar árstíðarbundnar sveiflur, en 2024-2025 skar sig úr af því leyti þar sem rofið það ár hélt áfram fram á sumarmánuðina svipað og við snið 7.


Snið 9 varð fyrir mjög miklu landbroti í byrjun árs 2022, en hefur síðan þá verið hægt og rólega að bæta við sig og er búið að ná sömu breidd og það hafði fyrir landbrotið, en enn vantar aðeins upp á að rúmmálið nái því líka.

Snið 10 varð ekki fyrir miklum áhrifum af stormunum í byrjun árs 2022 og var landbrotið þar t.d. tiltölulega lítið. Sniðið hefur hins vegar verið að tapa rúmmáli jafnt og þétt yfir mælingaárin og verið með landbrot á öllum fjórum mælingarárunum. Botninum var náð í janúar 2025, en síðan þá hefur sniðið verið að jafna sig aðeins.


Snið 11 hefur haft nokkuð óvenjulega þróun í samanburði við önnur snið, nema kannski snið 8. Sniðið tapaði miklu rúmmáli í byrjun árs 2022, en jafnaði sig fljótt aftur. Meira rof varð síðan veturinn á eftir, í desember 2022 og janúar 2023, en eftir það rof jafnaði fjaran sig ekki fljótt aftur líkt og í byrjun árs 2022, heldur hefur verið að bæta við sig hægt og þétt. Mikið rof varð síðan við sniðið í mars 2025, en sniðið jafnaði sig mjög hratt aftur og hefur haldið áfram að bæta við sig. Sniðið sýndi nokkuð góða árstíðabundnar sveiflur fyrstu tvö mælingaárin, en veturinn 2023-2024 hafði ekki teljandi áhrif á sniðið og þá var rofið 2025 nokkuð seint á ferðinni.





*Mynd 32 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2021 til ágúst 2025. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar, og ágúst 2024 – ágúst 2025 eru gular.*




*Mynd 33 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá október 2021 til ágúst 2024. Mælingarnar frá ágúst 2021 – ágúst 2022 eru bláar, ágúst 2022 – ágúst 2023 eru appelsínugular, ágúst 2023 – 2024 ágúst eru grænar, og ágúst 2024 – ágúst 2025 eru gular.*




*Mynd 34 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 1 - 8 frá ágúst 2021 til ágúst 2025.*




*Mynd 35 sýnir þróunina á rúmmáli sniða 9 - 11 frá október 2021 til ágúst 2025.*

## 4.4. Aukaskýrsla um landbrot í lok ágúst 2025.

Vegna landbrots við fjörukambinn á milli sniða 1 og 3 í Víkurfjöru 25. og 26. ágúst, var ákveðið að taka aukamælingu 27. ágúst á sniðum 1, 2 og 3, ásamt því að mæla upp svokölluð a snið í Víkurfjöru austan yngri sandfangarann. A snið í Víkurfjöru voru sett voru upp 15. október 2022 vegna undirbúnings fyrir nýjan varnargarð sem nú hefur risið fyrir framan útihúsin sem eru rétt austan Víkur. Sniðin kallast a1-a12, ásamt gömlu sniði sem kallast snið 1.5, og snið 2 sem er mælt mánaðarlega fyrir Mýrdalshrepp. Sniðin hafa verið mæld af og til þegar landbrot hefur orðið síðan þau voru sett upp. Á mynd 1 má sjá staðsetningu sniðanna í Víkurfjöru ásamt sniðum 1, 2 og 3 sem eru mæld mánaðarlega og eldra sniðinu 1.5 sem ekki er lengur mælt reglulega.




*Mynd 36 sýnir strandlengjuna rétt austan við Vík ásamt þeim sniðum sem þar eru. Snið 1 og 2 eru mæld mánaðarlega, en a-sniðin og snið 1.5 þegar tilefni er til. Þá sjást einnig mældar breytingar á fjörukambi við sniðin sem sýnir umfang landbrotsins í ágúst.*

Leifar af fellibylnum Erin olli hárri ölduhæð við suðurströndina að kvöldi 25. ágúst og fram að aðfaranótt 27. ágúst. Þá var einnig stórstraumsflóð og náði tímabilið með hárri ölduhæð yfir þrjú flóð, að kvöldi 25. ágúst og um morguninn og að kvöldi 26. ágúst. Þá var fjaran á milli sniða 1 og 3 einnig stutt og brött eftir

tíða suð suðaustan átt síðan í lok janúar 2025 og hafði m.a. orðið mikið landbrot við sniðin í febrúar og mars, og þá hafði einnig orðið lítilsvert (ómælt, en líklega nokkrir cm hér og þar) landbrot í júní, lok júlí og byrjun ágúst.


Landbrotið var umtalsvert og má sjá breytingarnar sem urðu á fjörukambinum á mynd 1. Landbrot varð við alla strandlengjuna á milli sniða 1 og 3, mismikið þó, en mest var það í kringum snið 2. Mikið gekk á um kvöldið 25. ágúst, en þá byrjaði alda að brjóta af og ganga yfir nýja flóðvarnargarðinn sem hafði verið endurgerður þar sem gamli stóð. Seinna um kvöldið hafði aldan brotið niður garðinn að mestu og gekk sjór þá yfir fjörukambinn og flæddi inn í land. Þá byrjaði aldan einnig að grafa frá varnargarðinum sem var fyrir framan útihúsin og þrátt fyrir að garðurinn hafi sokkið nokkuð þá stóð hann enn um kvöldið, en gekk mikið af sjó þó yfir hann og inn í land. Einnig varð landbrot austan við varnargarðinn og gekk sjór þar á land í nokkuð magni og flæddi m.a. í kringum austari útihúsin.

Morguninn eftir, 26. ágúst, var enn alda að ganga yfir fjörukambinn og var flóðvarnargarðurinn farinn að mestu. Þá var varnargarðurinn einnig farinn og fremsta útihúsið við það að fara í sjóinn, en grafið hafði töluvert undan því. Einnig var sjáanlegt landbrot austan við útihúsið, en minna af sjó gekk þar á land en kvöldið áður. Á flóðinu um kvöldið var ölduhæðin byrjuð að minnka og fjaran byrjuð að hlaða undir sig, og því var minna landbrot þá en þó enn eitthvað.

Í töflu 1 má sjá heildarlandbrot hvers sniðs fyrir sig sem hefur orðið á árinu, en einnig fyrir hvern atburð fyrir sig. Á mynd 2 má síðan sjá þróunina á sniðunum síðan á undanförnum misserum. Nú í lok ágúst varð landbrotið mest við snið a4-a6 og snið 2, en það voru þau snið sem varin voru af varngargarðinum. Ekkert landbrot hafði átt sér stað við þau, en í óveðrinu 31. mars byrjaði að sjá á garðinum. Landbrotið við sniðin í lok ágúst var hins vegar meira en 35 m á öllum sniðum og var mest við snið 2 eða 44,9 metrar. Landbrot varð einnig á öllum öðrum sniðum, minna þó, eða á milli 8-24 metra á hverju sniði. Við landbrotið nú í ágúst jafnaði strandlínan sig nokkuð út, og er samanlagt landbrot á öllum sniðunum á árinu 2025 nokkuð svipað, eða yfirleitt á milli 20-40 metrar.

*Tafla 18 sýnir landbrot sem hefur orðið á a-sniðunum og sniði 2 í febrúar, mars, og síðan nú í lok ágúst.*


| | landbrot í feb og mars 2025 (m) | landbrot 31. mars (m) | landbrot 27. ágúst (m) | samanlagt landbrot 2025 (m) |
|---|---|---|---|---|
| a1 | -5,6 | -9,6 | -8,3 | -23,5 |
| a2 | -4,5 | -2,7 | -8,9 | -16,1 |
| a3 | -6,2 | -4,6 | -9,9 | -20,7 |
| sn1.5 | -6,0 | -8,5 | -14,0 | -28,5 |
| a4 varnargarður | 0,0 | -3,3 | -37,5 | -40,9 |
| a5 varnargarður | 0,0 | -10,3 | -38,4 | -48,7 |
| a6 varnargarður | 0,0 | -0,6 | -35,4 | -35,9 |
| sn2 varnargarður | 0,0 | -1,4 | -44,9 | -46,3 |
| a7 | -4,9 | -8,3 | -24,2 | -37,4 |
| a8 | -12,5 | -7,5 | -9,1 | -29,1 |
| a9 | -13,4 | -4,9 | -19,4 | -37,8 |
| a10 | -15,4 | -4,2 | -14,6 | -34,1 |
| a11 | -13,2 | -5,4 | -15,7 | -34,4 |
| a12 | -11,1 | -5,4 | -9,8 | -26,3 |
| a13 | -11,5 | -8,5 | -10,0 | -30,0 |




*Mynd 37 sýnir öll sniðin í Víkurfjöru á þær breytingar sem hafa orðið á henni frá 23. apríl 2023 til 27. ágúst 2025.*

Mánaðarleg mæling á sniðinum 8 í Víkur- og Fagradalsfjöru fór fram 25. ágúst áður en stormurinn byrjaði. Mæling var tekin á sniðu 1-3 aftur eftir storminn 27. ágúst og má sjá samanburðinn á mynd 3. Þar sést landbrotið við snið 2 vel, en einnig hversu staðbundin áhrifin af storminum voru, en breytingarnar á sniðum 1 og 3 voru takmarkaðar. Eins og sjá má á mynd 1, þá byrjar landbrotið rétt austan við snið 1 og nær rétt vestan við snið 3. Einnig er áhugavert hversu lítið snið 1 byggðist upp í suð-austan áttinni, en vanalega bætist við mikið efni við snið 1 í slíkum aðstæðum. Athyglisvert er hversu lítið af efni safnaðist við snið 1, en vanalega í suð-austan öldu færist mikið af efni upp að sandfangaranum og snið 1 byggist út, en slíkt gerðist ekki núna. Það stafar hugsanlega af því að við landið var öldustefna nær því að vera úr suðsuð-austri eða jafnvel suðri, og því minni efnisflutningar í vestur átt.

Á myndum 4-11 má síðan sjá rofabarðið sem hefur myndast vegna landbrotsins. Textinn undir hverri mynd lýsir hvar myndin er tekin og hvað má sjá á henni.




*Mynd 38 sýnir mælingar á sniðum 1 -3 fyrir og eftir storminn. Sjá má að landbrot varð aðeins við snið 2 og er mikil tilfærsla á sniðinu, á meðan takmarkaðar breytingar urðu á sniði 1 og 3.*



*Mynd 39 sýnir hornið austan við nýrri sandfangarann og horft í vestur átt. Efnislosun hefur verið til hliðar við sandfangarann og braut nokkuð á því án þess þó að fjarlægja mikið af efni.*



*Mynd 40 sýnir rofabarðið rétt austan við snið 1. Sjá má leifarnar af nýlagða flóðvarnargarðinum efst, en fyrir neðan eru tvö minni rofaborð sem eru í saman þjöppuðum jarðvegi.*



*Mynd 41 sýnir hvar landbrot varð rétt vestan við snið a1, en þar fór flóðvarnargarðurinn allur og braut mikið á saman þjappaða jarðveginum einnig. Talsvert af sjó gekk á land í gegnum skarðið.*



*Mynd 42 er tekinn við snið a4, en útihúsið sem fór í sjóinn stóð rétt til hægri á myndinni. Á myndinni sést einnig hesthúsið sem enn stendur. Við sniðið er ekkert melgresið og takmarkaður jarðvegur, og er því líklegt að þetta verði veikur punktur þegar landbrot á sér stað í framtíðinni.*



*Mynd 43 er tekinn við snið a8 og horft í vestur átt. Þar má sjá hesthúsið sem enn stendur og fjörukambinn sem stendur þar enn. Austasta útihúsið er til hægri á myndinni en sést ekki. Á milli útihúsanna tveggja er nú ekki lengur neinn fjörukambur að ráði og gekk nokkuð af sjó þar á land.*



*Mynd 44 er tekin við snið a10 og horft í vestur átt. Þar má sjá austara útihúsið og fjörukambinn sem enn er til staðar fyrir framan það. Skarð hefur myndast hér í fjörukambinn og gekk sjór einnig á land hér. Fljótlega austan af sniðinu fer rofabarðið að lækka*



*Mynd 45 er tekinn við snið 3 og vottar á litlu rofabarði. Rofabarðið næst sniði 3 eru líklega leifarnar af rofabarðinu frá því í febrúar 2022, en það kom í ljós nú aftur.*



*Mynd 46 sýnir ástandið á fjörunni á milli sniða 1 og 3, horft í vestur átt. Sjá má leifarnar af varnargarðinum, steinahrúgan í fjörunni, ásamt því hversu mikið landbrot varð fyrir aftan garðinn.*